

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 23. júní 2014 í máli nr. S-645/2013:

Ákærvaldið

(Ólafur Þór Hauksson sérstakur saksóknari)

gegn

Elmari Svavarssyni,

(Karl Georg Sigurbjörnsson hrl.)

Jóhannesi Baldurssyni,

(Reimar Snæfells Pétursson hrl.)

Magnúsi Arnari Arngrímssyni og

(Helgi Birgisson hrl.)

Birki Kristinssyni

(Ólafur Eiríksson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 28. maí sl., er höfðað af sérstökum saksóknara á hendur Elmari Svavarssyni, Sæviðarsundi 104, Reykjavík, Jóhannesi Baldurssyni, Grenimel 46, Reykjavík, Magnúsi Arnari Arngrímssyni, Klettási 6, Garðabæ og Birki Kristinssyni, Bergstaðastræti 16, Reykjavík, fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um verðbréfavíðskipti, lögum um ársreikninga og lögum um bókhald:

I.

Á hendur ákærðu Jóhannesi Baldurssyni, þáverandi framkvæmdastjóra markaðsviðskipta Glitnis banka hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, Magnúsi Arnari Arngrímssyni, þáverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf. og Elmari Svavarssyni, þáverandi verðbréfamiðlara markaðsviðskipta Glitnis banka hf., fyrir umboðssvik 12. nóvember 2007, með því að hafa í sameiningu í fyrrgreindum störfum sínum fyrir Glitni banka hf. misnotað aðstöðu sína og stefnt fjármunum bankans í verulega hættu er þeir fóru út fyrir heimildir sínar til lánveitinga með því að láta bankann veita félaginu BK-44 ehf., sem var metið í áhættuflokki 6 og var í eigu ákærða Birkis Kristinssonar, 3.791.340.000 króna peningamarkaðslán, án samþykkis lánanefndar eða áhættunefndar bankans, án þess að endurgreiðsla lánsins væri tryggð með fullnægjandi hætti og án þess að láta

kanna með fullnægjandi hætti greiðslugetu lántakanda en allt þetta var í andstöðu við reglur bankans um lánveitingar.

Peningamarkaðslánið var veitt án þess að lántaki væri skuldbundinn til að endurgreiða það með undirritun láns skjals. Lánið var veitt til að fjármagna að fullu kaup BK-44 ehf. á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf., sem fram fóru 7. nóvember 2007, og þóknun vegna þeirra kaupa. Ekki var gengið frá tryggingum fyrir endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar með formlegum hætti. Lánsfjárhæðin var lögð inn á bankareikning nr. 582-26-844 hjá Glitni banka hf., en síðan ráðstafað til bankans til greiðslu á kaupverði hlutafjárins og þóknun. Hinn 21. desember 2007 var auðkenni á lánveitingunni breytt úr FD-61110 í FD-63863 og hún látin gilda frá 12. nóvember 2007 í stað 14. nóvember 2007 og upphafsdagur vaxta leiðréttur úr 14. nóvember 2007 í 12. nóvember 2007.

Peningamarkaðslánið var með gjalddaga 12. desember 2007 en var framlengt í alls 10 skipti með sömu lánaskilmálum að öðru leyti en því að vextir tóku breytingum og áfallnir vextir lögðust við höfuðstól hverju sinni eins og nánar greinir hér að neðan:

1. 21. desember 2007 var lánveitingin framlengd frá 12. desember 2007 til 11. janúar 2008 með lánsfjárhæðinni 3.843.944.843 krónur.
2. 14. janúar 2008 var lánveitingin framlengd frá 11. janúar 2008 til 3. mars 2008 með lánsfjárhæðinni 3.899.041.386 krónur.
3. 5. mars 2008 var lánveitingin framlengd frá 3. mars 2008 til 3. apríl 2008 með lánsfjárhæðinni 3.993.658.124 krónur.
4. 3. apríl 2008 var lánveitingin framlengd frá 3. apríl 2008 til 5. maí 2008 með lánsfjárhæðinni 4.053.496.435 krónur.
5. 25. apríl 2008 var gjalddaga á láni breytt úr 5. maí 2008 í 30. apríl 2008.
6. 30. apríl 2008 voru 503.983.500 krónur greiddar inn á lánið en það var söluandvirði 30.000.000 af 150.000.000 hlutum BK-44 ehf. í Glitni banka hf. sem félagið seldi til bankans á sölugengi 30. apríl 2008, sem var 16,85 krónur á hlut. Lánveitingin var að öðru leyti framlengd til 5. maí 2008 með lánsfjárhæðinni 3.606.059.210 krónur
7. 6. maí 2008 var lánveitingin framlengd frá 5. maí 2008 til 19. maí 2008 með lánsfjárhæðinni 3.615.374.863 krónur.
8. 21. maí 2008 var lánveitingin framlengd frá 19. maí 2008 til 19. júní 2008 með lánsfjárhæðinni 3.642.088.466 krónur.
9. 25. júní 2008 var lánveitingin framlengd frá 19. júní 2008 til 21. júlí 2008 með lánsfjárhæðinni 3.707.635.941 krónur.
10. 22. júlí 2008 var lánveitingin framlengd frá 21. júlí 2008 til 22. júlí 2008 með lánsfjárhæðinni 3.775.197.307 krónur.

Þáttur ákærðu Jóhannesar og Elmars í hinni refsiverðu háttsemi var nánar tiltekið sá að leggja á ráðin um hlutabréfaviðskiptin og lánveitinguna, bjóða meðákærða Birki hlutabréfin til kaups fyrir hönd BK-44 ehf., setja fram tilboð um fjölda hluta og lánveitingu frá Glitni banka hf. til handa BK-44 ehf. til að fjármagna kaupin að fullu. Þáttur ákærða Magnúsar Arnars var sá að láta skrá á félagið BK-44 ehf. lánamörk fyrir allt að 4.000.000.000 króna í 6 mánuði án þess að hafa heimild til að samþykkja svo háa lánveitingu sem framkvæmdastjóri í bankanum og án samþykkis lánanefndar eða áhættunefndar. Ákærði Elmar hafði síðan milligöngu um lánveitinguna til BK-44 ehf. og annaðist framlengingar á láninu í alls 10 skipti uns lánið var greitt upp 22. júlí 2008 með þeim hætti sem lýst er í II. kafla ákærunnar. Skráning á lánamörkunum gerði ákærða Elmari fært að annast kaup á hlutabréfunum fyrir hönd BK-44 ehf. fyrir andvirði peningamarkaðslánsins. Ákærði Jóhannes samþykkti framkvæmd viðskiptanna og gaf starfsmönnum bankans fyrirmæli um framkvæmd þeirra.

Er ofangreind háttsemi ákærðu talin varða við 249. gr. almennra hengingarlagar nr. 19/1940.

II.

Á hendur ákærðu Elmari og Jóhannesi fyrir umboðssvik með því að hafa einhvern tímann á tímabilinu frá nóvember 2007 til 22. júlí 2008 í fyrrgreindum störfum sínum hjá Glitni banka hf., samhliða eða í kjölfar sölunnar á hlutabréfunum og lánveitingunni til BK-44 ehf., sem lýst er í I. kafla ákærunnar, misnotað aðstöðu sína og valdið bankanum verulegri fjártjónshættu með því að fara út fyrir heimildir sínar er þeir gerðu munnlegan samning við ákærða Birki um skaðleysi félags hans BK-44 ehf. af hlutabréfaviðskiptunum, þannig að félagið skyldi, án nokkurs endurgjalds, njóta söluréttar á hlutabréfunum í Glitni banka hf., sem fjallað er um í I. kafla ákærunnar, á þeim kjörum sem tryggðu félaginu skaðleysi af viðskiptunum og létu Glitni banka hf. efna samninginn 22. júlí 2008.

Skaðleysissamningurinn var nánar tiltekið efndur af hálfu Glitnis banka hf. 22. júlí 2008 þegar bankinn keypti af BK-44 ehf. 120.000.000 hluti í bankanum á 31,82 krónu á hlut eða á samtals 3.818.400.000 krónur en gengi hlutabréfa bankans í Kauphöll á þeim tíma var 14,95 krónur á hlut sem svaraði til 1.794.000.000 króna markaðsverðs hlutabréfanna. Af söluverðinu runnu 3.777.242.206 krónur til að greiða upp eftirstöðvar láns BK-44 ehf. vegna hlutabréfakaupanna.

Með því að tryggja BK-44 ehf. skaðleysi af hlutabréfakaupunum og endurgreiðslu lánsins veltu ákærðu Jóhannes og Elmar allri áhættu af mögulegri lækkun á verði hlutabréfanna og endurgreiðslu lánsins, ásamt vöxtum, yfir á bankann. Samningurinn um skaðleysi var hvorki skjalfestur né færður inn í afleiðukerfi Glitnis banka hf. og gerði bankinn því engar ráðstafanir til að minnka áhættu sína vegna hans.

Ákærði Elmar annaðist hlutabréfaviðskiptin 22. júlí 2008 á milli BK-44 ehf. og Glitnis banka hf. Ákærða Jóhannesi, yfirmanni ákærða Elmars, var kunnugt um framkvæmd viðskiptanna og samþykkti hann framgang þeirra þegar þau voru gerð upp í samræmi við hinn munnlega sölurétt. Tjón bankans af þeirri ráðstöfun ákærðu að tryggja BK-44 ehf. skaðleysi af hlutabréfaviðskiptunum nam 1.933.292.207

krónum. Uppgjörið tryggði BK-44 ehf. ekki aðeins skaðleysi heldur myndaðist mismunur sem rann til BK-44 ehf., sbr. umfjöllun í III. kafla ákærunnar.

Er ofangreind háttsemi ákærðu talin varða við 249. gr. laga nr. 19/1940.

III.

Á hendur ákærða Elmari fyrir umboðssvik, með því að hafa í fyrrgreindum störfum sínum fyrir bankann 13. mars 2008 og 22. júlí 2008 misnotað aðstöðu sína og valdið bankanum tjóni eða verulegri fjártjónshættu er hann fór út fyrir heimildir sínar við uppgjör á hlutabréfaviðskiptum og lánveitingum vegna þeirra, sem fjallað er um í I. kafla ákærunnar, á grundvelli skaðleysissamnings Glitnis banka hf. og BK-44 ehf. sem fjallað er um í II. kafla ákærunnar og tryggði BK-44 ehf. 85.725.793 króna óréttmætan ávinning af viðskiptunum þrátt fyrir mikla lækkun á markaðsverði hlutabréfanna frá 12. nóvember 2007 til 22. júlí 2008 en það gerði hann með því að:

a. Haga uppgjóri viðskiptanna með þeim hætti að BK-44 ehf. hélt eftir innborgun frá Glitni banka hf. að fjárhæð 49.949.999 krónur, sem greidd var 13. mars 2008 inn á reikning nr. 582-14-101145 í eigu BK-44 ehf. vegna arðgreiðslu, að frádregnum fjármagnstekjuskatti, af hlutabréfaeign BK-44 ehf. í Glitni banka hf., sem fjallað er um í I. kafla ákærunnar, þótt reikningurinn væri handveðsettur bankanum samkvæmt handveðsyfirlýsingu, dagsettri 25. apríl 2006, og bankanum hafi verið heimilt að ráðstafa arðinum til greiðslu á gjaldföllum skuldum BK-44 ehf. við bankann.

b. Haga sölu BK-44 ehf. á 120.000.000 hlutum í Glitni banka hf. 22. júlí 2008, sem lýst er í II. kafla ákærunnar, og ráðstöfun söluandvirðisins þannig að BK-44 ehf. auðgaðist um 35.775.794 krónur á kostnað bankans til viðbótar við þá auðgun sem fjallað er um í a-lið. Þetta gerði ákærði með því að láta Glitni banka hf. kaupa hlutabréfin af BK-44 ehf. á samtals 3.818.400.000 krónur, eða 31,82 krónur á hvern hlut sem var hærra gengi en þurfti til að greiða upp 3.777.242.206 króna eftirstöðvar láns BK-44 ehf. vegna hlutabréfakaupanna og gera BK-44 ehf. skaðlaust af hlutabréfaviðskiptunum og lánveitingum vegna þeirra. Mismunurinn á söluverðinu og eftirstöðvum peningamarkaðslánsins, 41.157.794 krónur, að frádreginni 5.382.000 króna söluþóknun vegna kaupa og sölu sömu bréfa milli sömu aðila fyrr sama dag, þ.e. 35.775.794 krónur, varð eftir á reikningi nr. 513-26-780844 í eigu BK-44 ehf.

Glitnir banki hf. fékk þetta tjón sitt að lokum bætt á grundvelli samkomulags við BK-44 ehf. eftir að rannsókn þessa máls hófst og eftir að bankinn hafði höfðað riftunarmál á hendur félaginu.

Er ofangreind háttsemi ákærðu talin varða við 249. gr. laga nr. 19/1940.

IV.

Á hendur ákærða Birki, eiganda BK-44 ehf. og starfsmanni Glitnis banka hf., aðallega fyrir hlutdeild í umboðssvikabrotum ákærðu Magnúsar Arnars, Elmars og Jóhannesar, sem lýst er í I., II. og III. kafla ákærunnar, en til vara hylmingu og peningþvætti, með því að hafa lagt á ráðin með meðákærðu um að 3.791.340.000 króna andvirði peningamarkaðsláns, sem fjallað er um í I. kafla ákæru, yrði greitt úr sjóðum Glitnis banka hf., án samþykkis lánanefndar eða áhættunefndar bankans, til að fjármagna kaup á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. og hafa átt milligöngu um að BK-44 ehf. keypti hlutabréfin fyrir andvirði peningamarkaðslánsins, auk þess að njóta skaðleysis af lækkun á verði bréfanna og vaxtakostnaði af peningamarkaðsláninu en það var gert með munnlegum og óskráðum sölurétti á bréfunum, sem lýst er í II. kafla ákærunnar, án þess að nokkurt endurgjald frá BK-44 ehf. kæmi fyrir söluréttinn. Við endanlegt uppgjör viðskiptanna 22. júlí 2008 hafði BK-44 ehf. auðgast um samtals 85.725.793 krónur á viðskiptunum þrátt fyrir að gengi hlutabréfa í Glitni banka hf. hefði lækkað verulega frá því að þau voru keypt, sbr. III. kafla ákærunnar. Með því að láta félag sitt, BK-44 ehf., taka við ávinningi af auðgunarbrotum meðákærðu og geyma hann tók ákærði þátt í ávinningi af auðgunarbrotunum auk þess sem allri áhættu af mögulegri lækkun á verði bréfanna var komið yfir á Glitni banka hf. en ákærða Birki gat ekki dulist, í ljósi aðdraganda viðskiptanna og allra aðstæðna, að féð var greitt með ólögmætum hætti úr sjóðum Glitnis banka hf., að sölurétturinn var veittur með ólögmætum hætti og að félag hans nyti ólögmæts ávinnings með viðtöku á arðgreiðslu, sem með réttu hefði átt að ganga upp í endurgreiðslu á peningamarkaðsláninu, auk þess sem bréfin voru keypt á of háu gengi 22. júlí 2008 þannig að gengismunur myndaðist við uppgjörið, félagi hans til hagsbóta.

Er ofangreind háttsemi ákærða talin varða við 249. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 en til vara við 254. og 264. gr. sömu laga.

V.

Á hendur ákærðu Elmari, Jóhannesi og Birki, fyrir markaðsmisnotkun, með því að hafa í sameiningu komið á viðskiptum með hluti í Glitni banka hf., sem voru í eigu bankans, sem byggðust á blekkingum og sýndarmennsku og voru jafnframt líkleg til að gefa eftirspurn eftir hlutum í bankanum og verð hlutanna ranglega og misvísandi til kynna, þegar þeir létu ranglega líta svo út að félagið BK-44 ehf. í eigu ákærða Birkis, starfsmanns bankans, hefði 7. nóvember 2007 lagt 3.780.000.000 krónur til kaupa á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf., sem jafngilti 1,0143% af heildarhlutafé í bankanum, og borið fulla markaðsáhættu af hinum keyptu bréfum þótt kaup BK-44 ehf. væru í reynd fjármögnuð að fullu með lánveitingu frá bankanum án viðhlítandi trygginga og létu bankann að auki tryggja BK-44 ehf. algert skaðleysi af hlutabréfaviðskiptunum og lánveitingum vegna þeirra með munnlegum og óskráðum sölurétti sem Glitnir banki ehf. efndi 22. júlí 2008 með kaupum á 120.000.000 hlutum í bankanum af BK-44 ehf., langt yfir markaðsverði en uppgjörið tryggði BK-44 ehf. umsamið skaðleysi, sbr. II. kafla ákærunnar. Þannig bar Glitnir banki hf., sem seljandi hlutabréfanna, áfram fulla markaðsáhættu af hlutabréfunum þótt þau hefðu verið seld.

Viðskiptin grundvölluðust nánar tiltekið á ákvörðun ákærðu, Jóhannesar og Elmars, um að selja skyldi hlutafé í eigu Glitnis banka hf. í bankanum sjálfum með fullri fjármögnun bankans og samningi um skaðleysi kaupanda bréfanna af

viðskiptunum. Þeir buðu ákærða Birki, starfsmanni bankans, sem jafnframt var stjórnarmaður í BK-44 ehf. og eigandi félagsins, hlutabréfin til kaups á þessum kjörum. Ákærði Birkir samþykkti kaupin og ákærðu, Jóhannes og Elmar, gerðu ráðstafanir til að útvega lán til kaupanna. Ákærði, Elmar, framkvæmdi síðan viðskiptin og tilkynnti þau til Kauphallar 7. nóvember 2007 sem stöðluð utanþingsviðskipti. Hlutirnir voru seldir BK-44 ehf. á genginu 25,2 krónur á hlut. Nam kaupverð hlutabréfanna 3.780.000.000 krónum, auk 11.340.000 króna þóknunar og voru því greiddar samtals 3.791.340.000 krónur fyrir hlutabréfin. Uppgjörsdagur viðskiptanna var 12. nóvember sama ár. Glitnir banki hf. lánaði BK-44 ehf. alla fjárhæðina, þ.e. kaupverð að viðbættri þóknun, eins og nánar er lýst í I. kafla ákærunnar, með peningamarkaðsláni sem ákærði Elmar sá um að framlengt var 10 sinnum, í síðasta skipti til 22. júlí 2008.

Glitnir banki hf. keypti síðan aftur 30.000.000 hluti af BK-44 ehf., 30. apríl 2008, á markaðsverði og var söluandvirðinu ráðstafað sem innborgun á lán BK-44 ehf. vegna hlutabréfakaupanna. Þá 120.000.000 hluti sem eftir stóðu létu ákærðu Glitni banki hf. kaupa af BK-44 ehf. 22. júlí 2008, eins og lýst er í II. kafla ákærunnar, á genginu 31,82 krónur á hlut, þótt gengi á þeim tíma hefði verið komið niður í 14,95 krónur á hlut en þetta yfirverð gerði það að verkum að unnt var að greiða upp peningamarkaðslánið vegna hlutafjárkaupanna. Með skaðleysissamningnum og uppgjöri hans var Glitnir banki hf. þannig látinn taka á sig allan kostnað af lækkun á verði hlutabréfanna á tímabilinu og allan áfallinn vaxtakostnað BK-44 ehf. af peningamarkaðsláninu og var BK-44 ehf. þannig tryggt algert skaðleysi af hlutabréfaviðskiptunum.

Er ofangreind háttsemi ákærðu talin varða við a. lið 1. tölul. og 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 117. gr., sbr. 146. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007.

VI.

Á hendur ákærða Birki, sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra BK-44 ehf., fyrir meiriháttar brot gegn ársreikningalögum en til vara meiri háttar brot gegn bókhaldslögum með því að rangfæra ársreikning BK-44 ehf. fyrir árið 2007, dagsettan 16. september 2008, nánar tiltekið með því að færa ekki í efnahagsreikning félagsins:

a. Meðal eigna félagsins 150.000.000 hluti í Glitni banka hf., sem félagið keypti 7. nóvember 2007 af markaðsviðskiptum Glitnis banka hf. fyrir 3.791.340.000 krónur að meðtalinni sölubóknun.

b. Meðal skulda félagsins skuld við Glitni banka hf., vegna 3.791.340.000 króna lánveitingar 12. nóvember 2007, vegna kaupa á umræddum hlutabréfum.

Jafnframt með því að geta ekki í skýringum með sama ársreikningi um fjölda hluta og nafnverð eignarhluta BK-44 ehf. í Glitni banka hf.

Er ofangreind háttsemi talin varða aðallega við 1. mgr. 14. gr. svo og 49. gr. og 50. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 2. mgr. 121. gr., sbr. 120. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940 en til vara við 1. mgr.

23. gr. og 3. tölul. 31. gr., sbr. 3. og 5. tölul. 1. mgr. 37. gr. og 1. og 5. tölul. 1. mgr. 38. gr., sbr. 36. gr. bókhaldslaga nr. 145/1994 og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu neita allir sök. Af hálfu verjanda ákærða Birkis, er aðallega krafist frávísunar málsins frá dómi, en til vara sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Aðrir verjendur krefjast sýknu og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Með kæru 10. nóvember 2011 vísaði Fjármálaeftirlitið málefnum í tengslum við kaup BK-44 ehf. á hlutabréfum í Glitni banka hf. til rannsóknar hjá Embætti sérstaks saksóknara. Í kærinni er rakið að bræðurnir Magnús Kristinsson og ákærði, Birkir, hafi á árinu 2000 stofnað einkahlutafélagið MK-44. Magnús hafi verið framkvæmdastjóri félagsins en ákærði, Birkir, stjórnarformaður. Aðalstarfsemi félagsins hafi verið kaup og sala hlutabréfa. Á hluthafafundi 8. júní 2007 hafi verið samþykkt að breyta nafni félagsins í BK-44 ehf. Jafnframt hafi verið gerð sú breyting á stjórnarmönnum að ákærði, Birkir, hafi verið gerður að stjórnarmanni í félaginu og sambýliskona hans varamaður. Í kjölfarið hafi ákærði verið gerður að eina prókúruhafa félagsins. Hafi ákærði þá orðið eini eigandi félagsins. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2007 hafi félagið skilað hagnaði upp á 3,6 milljarða króna. Eignir hafi verið 16,8 milljarðar að virði og eiginfjárhlutfall 35,28%. Stærsta eign félagsins hafi verið dótturfélag félagsins, BK-44 II ehf., en það félag hafi átt 28% hlut í Gnúpi fjárfestingarfélagi ehf. Bókfært virði félagsins BK-44 II ehf., samkvæmt ársreikningi BK-44 ehf. fyrir árið 2007, hafi verið 15,7 milljarðar, sem numið hafi 93,3% af heildareignum félagsins. Athygli hafi vakið að samkvæmt ársreikningi BK-44 ehf. fyrir árið 2007 komi fram, að eignarhlutur BK-44 ehf. í Glitni banka ehf. hafi verið að markaðsverðmæti ríflega 20 milljónir króna, en BK-44 ehf. hafi í nóvember 2007 fjárfest fyrir tæpa 3,8 milljarða króna í hlutabréfum í Glitni banka hf. og ekki selt þau bréf fyrr en á miðju ári 2008.

Við rannsókn Fjármálaeftirlitsins hafi komið í ljós að 7. nóvember 2007 hafi BK-44 ehf. keypt hlutabréf í Glitni banka ehf., fyrir að nafnvirði 150.000.000 hluta á genginu 25,2 eða fyrir um 3,8 milljarða, sem jafngilt hafi um 1,01% af heildarhlutafé bankans. Verðið í viðskiptum hafi verið í samræmi við lokaverð dagsins, en 10,4% lægra en meðalokaverð þrjá mánuði fyrir viðskiptin. Hlutabréfin hafi að fullu verið fjármögnuð af Glitni banka hf. Viðskiptin hafi verið tilkynnt til Kauphallar Íslands sem utanþingsviðskipti í viðskiptakerfi Kauphallarinnar, 7. nóvember 2007. Viðskiptin hafi verið 5,94% af heildarveltu nóvembermánaðar 2007 og 0,57% af heildarveltu ársins með hlutabréf í Glitni banka hf. í Kauphöll Íslands. Með viðskiptunum hafi BK-44 ehf. orðið 16. stærsti hluthafi bankans. Regluvörður Glitnis banka hf. hafi veitt samþykki fyrir viðskiptunum. Athygli Fjármálaeftirlitsins hafi vakið að 8. nóvember 2007 hafi Gnúpur fjárfestingarfélag ehf. lokað framvirkum samningi með hlutabréf í Glitni banka hf., að nafnvirði 150.000.000 hluta. GLB Hedge, sem haldið hafi utan um varnir vegna framvirkra samninga innan Glitnis banka hf., hafi 6. nóvember 2007 selt hlutabréf í Glitni banka hf., að nafnvirði 150.000.000 hluta, í gegnum miðlun Glitnis banka hf., til eigin viðskipta bankans. Markaðsviðskipti Glitnis banka hf. hafi annast viðskiptin

við BK-44 ehf. með uppgjöri 12. nóvember 2007. Miðlari í viðskiptunum hafi verið Elmar Svavarsson, ákærði í máli þessu. Samkvæmt viðskiptagögnum hafi eigin viðskipti Glitnis banka hf. verið seljendur bréfanna til miðlunar Glitnis banka hf. Samkvæmt gögnum Fjármálaeftirlitsins hefði Glitnir banki hf. átt eða tekið að veði, 24. október 2007, alls 12,54% af eigin bréfum. Í þágildandi 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki væri kveðið á um að fjármálafyrirtæki mætti ekki eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem næmi hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutfjár fyrirtækisins. Þar sem staða Glitnis banka hf. í eigin hlutabréfum hafi verið komin yfir lögbundin mörk mætti draga þá ályktun að bankanum hafi verið í mun að losa sig við eigin hlutabréf.

Í kæru Fjármálaeftirlitsins er rakið að innan Glitnis banka hf. hafi verið sérstakt ferli þegar sóst hafi verið eftir að bankinn lánaði fjármuni til fyrirtækja. Viðskipta- eða lánastjórar hafi lagt fyrir eina af lánanefndum bankans, lánabeiðni, þar sem fram kæmu upplýsingar um lánveitinguna, tryggingar, í hvað fjármunir ættu að fara og fleiri atriði sem væru talin mikilvæg varðandi ákvörðun um lánveitingu. Innan bankans hafi starfað fjórar nefndir, en um hafi verið að ræða áhættunefnd (risk committee), lánanefnd fyrirtækja (corporate credit committee), lánanefnd Norðurlanda (Nordic credit committee) og íslensku lánanefndina (Icelandic credit committee). Áhættunefndin hafi verið með hæstu heimildirnar og hlutverk hennar meðal annars það að taka ákvarðanir um heimildir annarra lánanefnda innan bankans. Hafi áhættunefnd getað veitt lán sem numið hafi allt að 20% af eiginfjárgrunni bankans. Stærri lánveitingar hafi þurft að leggja fyrir stjórn bankans. Lánveitingin til BK-44 ehf. hafi ekki farið hefðbundna leið. Þann 7. nóvember 2007, eftir lokun markaða, sama dag og viðskiptin hafi verið tilkynnt Kauphöll, hafi Magnús Arnar Arngrímsson, ákærði í máli þessu, þáverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans, sent tölvupóst til ákærða, Elmars, og starfsmanns í markaðsviðskiptum, með afriti til forstöðumanns áhættustýringar og Jóhannesar Baldurssonar, ákærða í máli þessu, um að ákærði væri kominn með samþykki fyrir peningamarkaðsláni upp á 4 milljarða króna í 6 mánuði, fyrir BK-44 ehf. Ákærði, Elmar, hafi verið miðlari í viðskiptunum en A, starfsmaður markaðsviðskipta hafi séð um að skrá viðskiptamörk fyrir viðskiptavinum, ákærði, Jóhannes, verið framkvæmdastjóri markaðsviðskipta þar sem ákærði, Elmar, og A hafi starfað. Sú heimild sem ákærði, Magnús Arnar, hafi vísað til hafi ekki fundist bókuð í fundargerðum lánanefnda bankans, sem innri endurskoðun bankans hafi aflað gagna um fyrir hönd skilaneftar Glitnis banka hf.

Í vinnureglum markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá í janúar 2007 er í ákvæði 2.5 fjallað um peningamarkaðslán. Samkvæmt upplýsingum innri endurskoðanda Glitnis banka hf. var einungis 80% áhættumats BK-44 lokið í mars 2008 og hafði félagið út frá því verið flokkað í áhættuflokk 6. Áhættumat fyrir BK-44 ehf. hafi því verið unnið nokkrum mánuðum eftir að félagið hafði fengið lánveitingu frá Glitni banka hf., upp á tæplega 3,8 milljarða króna. Samkvæmt vinnureglum markaðsviðskipta hafi átt að leita formlegrar heimildar lánanefndar vegna lánveitingarinnar til BK-44 ehf., þar sem félagið hafi verið flokkað í áhættuflokk 6. Samkvæmt lánabók Glitnis banka hf., eða Credit Manual, hafi ákvörðun um viðskiptamörk vegna láns upp á tæplega 3,8 milljarða króna hjá viðskiptavinum í áhættuflokki 6, átt að vera tekin fyrir í áhættunefnd eða lánanefnd þegar heimildir annarra lánanefnda þraut. Að mati Fjármálaeftirlitsins hafi þessara heimilda ekki verið aflað af hálfu starfsmanna Glitnis banka hf.

Í kærinni kemur fram að undirrituð staðfesting á veitingu peningamarkaðsláns til BK-44 ehf., 7. nóvember 2007, er ekki fyrirbyggjandi, né undirritaðar framlengingar í láninu. Einungis væru til staðar óundirrituð afrit. Lánið hafi verið veitt til eins mánaðar í senn og framlengt alls níu sinnum. Fyrsta lánið hafi verið veitt 12. nóvember 2007, með gjalddaga 12. desember 2007. Eftir níu framlengingar hafi lánið verið greitt upp 22. júlí 2008. Greitt hafi verið inn á lánið 30. apríl 2008 samtals 503.983.500 krónur, sem hafi verið andvirði sölu hluta bréfanna. Eftirstöðvar lánsins hafi verið gerðar upp 22. júlí 2008 og þá greiddar 3.777.242.206 króna. Fram hafi komið að BK-44 ehf. hafi veitt Glitni banka hf. allsherjarveð 25. apríl 2006, en um hafi verið að ræða handveð í öllum verðbréfum á vörslureikningi 40784. Þau hlutabréf er BK-44 ehf. hafi keypt í nóvember 2007 hafi hins vegar verið inni á vörslureikningi 70548. Ekki hafi fundist frumrit handveðsyfirlýsingar tengt þeim reikningi. Glitnir banki hf. hafi ekki haft aðrar viðbótartryggingar en þau bréf sem keypt hafi verið fyrir andvirði lánsins. Þannig hafi BK-44 ehf. verið veitt 100% lán til að fjármagna kaup á hlutabréfunum sem og þóknun tengdum þeim, án nokkurra viðbótartrygginga. Vörslureikningur nr. 70548, þar sem hinir 150.000.000 hlutir voru vistaðir, hafi verið eignalaus 1. janúar 2007. Eina hreyfingin á reikningnum tengist kaupum á umræddum hlutabréfum.

Í vinnureglum markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá í janúar 2007 komi fram að viðskiptamenn þurfi að leggja fram tryggingar fyrir útlánaígildi afleiðuviðskipta sinna. Undantekning sé gerð fyrir viðskiptamenn í áhættuflokkum 1-4. BK-44 ehf. hafi verið með áhættuflokkun 6. Ættu tryggingar vegna peningamarkaðslána að vera áþekkt tryggingum vegna afleiðuviðskipta, þar sem sambærileg áhætta sé fyrir bankann og að gera framvirka samninga. Í vinnureglunum komi fram að útlánaígildi vegna framvirkra hlutabréfasamninga, með hlutabréf í Glitni banka hf., sé 40% andvirði undirliggjandi vöru. Ef um framvirkan samning hefði verið að ræða, hefði útlánaígildi sammingsins verið 1.512.000.000 krónur. Samkvæmt vinnureglum markaðsviðskipta hefði BK-44 ehf. átt að leggja fram tryggingar til viðbótar þeim hlutabréfum sem fjárfest hafi verið í fyrir andvirði peningamarkaðslánsins, lægst að fjárhæð 1.512.000.000 króna í formi trygginga, innlána eða ríkisvixla. Félagið hafi hins vegar engar tryggingar lagt fram til viðbótar til að tryggja útlánaígildi lánveitingarinnar.

BK-44 ehf. hafi 25. apríl 2008 selt 30.000.000 hluti að nafnvirði í Glitni banka hf. á genginu 16,85. Hafi salan verið tilkynnt í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands sem utanþingsviðskipti. Markaðsverðmæti hlutarins eftir greiðslu þóknunar hafi verið 503.983.500 krónur. Andvirði bréfanna hafi verið greitt inn á peningamarkaðslán nr. FD0000063863. Miðlari í viðskiptunum hafi verið ákærði, Elmar. Kaupandi bréfanna hafi verið eigin viðskipti bankans. Tap BK-44 ehf. vegna þessarar sölu hafi verið 250.500.000 krónur, fyrir utan þóknunir og fjármagnstekjukostnað. Þann 22. júlí 2008 hafi BK-44 ehf. selt 120.000.000 hluti í Glitni banka hf. á genginu 19,95. Bankinn hafi tilkynnt þau viðskipti sem utanþingsviðskipti í viðskiptakerfi Kauphallar. Ákærði, Elmar, hafi tilkynnt viðskiptin sem miðlari. Bréfin hafi verið seld af vörslureikningi BK-44 ehf. nr. 70548. Kaupandi hafi verið markaðsviðskipti Glitnis banka hf., sem áframselt hafi bréfin til eigin viðskipta bankans á sama verði. Eigin viðskipti hafi samdægurs selt á sama gengi, sama nafnverð bréfa í Glitni banka hf., til markaðsviðskipta bankans. Í kjölfarið hafi átt sér stað nokkur viðskipti á milli vörslureikninga markaðsviðskipta með sömu fjárhæð, og bréfin að lokum aftur seld BK-44 ehf. á

sama gengi eða 16,95, en nú inn á vörslureikning nr. 210971. Þau viðskipti hafi ekki verið tilkynnt til Kauphallar. Sama dag hafi BK-44 ehf. aftur selt bréfin að nafnvirði 120.000.000 hluta en nú af vörslureikningi nr. 210917. Gengi í þeim viðskiptum hafi verið 31,82, sem hafi verið 112,8% hærra verð en í fyrri viðskiptunum. Þau viðskipti hafi ekki verið tilkynnt til Kauphallar. Ákærði, Elmar, hafi verið skráður verðbréfamiðlari í öllum viðskiptunum. Í ljós hafi komið að BK-44 ehf. hafi sama dag fengið greiddar 1.788.618.000 krónur. Samkvæmt uppgjorsreglum Kauphallarinnar séu uppgjörsg dagar vegna viðskipta í Kauphöll, þrjú virkir dagar. Þann 28. júlí 2008 hafi 3.818.400.000 krónur verið lagðar inn á reikning félagsins en þær hafi verið vaxtareiknaðar frá 22. júlí 2008. Samdægurs hafi verið teknar út 1.794.000.000 krónur og vaxtareiknaðar frá 22. júlí 2008. Fjárhæðin samsvari markaðsverðmæti bréfanna m.v. gengið 14,95. Hagnaður BK-44 ehf. vegna þessarar fjárfestingar, að greiddum kostnaði við peningamarkaðslánið, endurgreiðslu þess og hlutabréfapóknunar, hafi verið 85.725.793 krónur. Gengi Glitnis banka hf. frá því kaupin áttu sér stað og þar til að BK-44 ehf. seldi öll bréfin, hafi lækkað úr 25,20 í 14,86 eða um rúm 40%. Gengið hafi farið hæst á þessu tímabili í 26,2 og því verið langt frá því gengi sem viðskipti milli BK-44 ehf. og Glitnis banka hf. hafi farið fram á, sem var 31.82.

Samkvæmt kerfum Glitnis banka hf. hafi BK-44 ehf. ekki átt neina kaup- eða söluréttarsamninga, með undirliggjandi hlutabréf í Glitni banka hf., á árunum 2007 og 2008. Ákærði, Elmar, verðbréfasali úr eigin viðskiptum og regluvörður bankans, haldi því fram að BK-44 ehf. hafi gert samning um sölurétt á hlutunum í Glitni banka hf. Sá samningur hafi verið munnlegur. Gengið í viðskiptum milli BK-44 ehf. og eigin viðskipta Glitnis banka hf. hafi verið ákvarðað út frá öðrum forsendum en markaðsgengi. Ætlunin hafi verið að BK-44 ehf. bæri ekki skarðan hlut frá borði í tengslum við fjárfestinguna. Ársreikningur BK-44 ehf. fyrir árið 2007 hafi sýnt ranga mynd af stöðu félagsins þar sem ekki hafi komið fram réttar upplýsingar um heildareign félagsins í Glitni banka hf. Sjóðstreymi félagsins gefi ekki til kynna að hækkun á skammtímaskuldum félagsins við lánastofnanir hafi átt sér stað. Engin ummerki sjáist um það að félagið hafi fjárfest í hlutabréfum í Glitni banka hf. fyrir skammtímalánið á árinu 2007.

Samkvæmt vottorði úr hlutafélagaskrá, sem liggur frammi í rannsóknargögnum málsins, er BK-44 einkahlutafélag. Samþykktir félagsins eru frá 8. júní 2007. Stjórn félagsins skipa ákærði, Birkir, sem er skráður stjórnarmaður, og sambýliskona hans, sem er skráð varamaður. Firmað ritar stjórnarmaður. Enginn framkvæmdastjóri er skráður. Prókúruumboð hefur ákærði, Birkir. Endurskoðandi félagsins er Deloitte hf. Hlutfé er 500.000 krónur. Tilgangur félagsins er kaup og sala verðbréfa, svo og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Stofnendur félagsins eru ákærði, Birkir, og B.

Á meðal rannsóknargagna málsins er hluthafaskrá í Glitni banka hf. dagsett 24. september 2010. Samkvæmt skránni er BK-44 ehf. 16. stærsti hluthafi í bankanum eigandi 1,0143% hluta í bankanum. Yfirlit um framvirka samninga á árinu 2007, sem er á meðal gagna málsins, og varðar Gnúp fjárfestingarfélag ehf., sýnir að 8. nóvember 2007 hafi félagið lokað framvirkum samningi með 150.000.000 hluti í Glitni banka hf.

Undirskriftarreglur Íslandsbanka hf. voru samþykktar í bankaráði 24. júní 2003. Samkvæmt reglunum er umboði starfsmanna til að skuldbinda bankann skipt í þrjár

tegundir, A-, B- og C-umboð. Er tekið fram að einungis starfsmenn sem hafi A-, B- eða C-umboð hafi heimild til að skuldbinda bankann. Sé umboðin persónubundin og óframseljanleg. Sé bankinn skuldbundinn í öllum tilvikum við undirskrift tveggja starfsmanna með A-umboð. Samkvæmt ákvæði 2.1 þurfi undirskrift tveggja starfsmanna, annars með A-umboð og hins með C-umboð, sé um að ræða hagsmuni á bilinu 500 til 1.000 milljónir og málið varði veitingu ábyrgða, lánveitingar aðrar en lánveitingar á millibankamarkaði, skilmálabreytingar útlána eða veðbreytingar. Samkvæmt ákvæði 6.1 þurfi undirskrift tveggja starfsmanna, annars með A-umboð og hins með C-umboð, sé um að ræða hagsmuni yfir 1.000 milljónum króna og um sé að ræða viðskipti með gjaldeyri, verðbréf og afleiður og ádrátt á lánalínur.

Í handbók um lánamál sem Íslandsbanki hf. gaf út og var síðast uppfærð í desember 2004, er í kafla 2.1 kveðið á um útlánaform. Fram kemur að markaðsviðskipti og fyrirtækjasvið annist afgreiðslu peningamarkaðslána. Formkröfur séu strangar. Miðað sé við lán til viðskiptavina í áhættuflokkun 1-4 eða að fullnægjandi tryggingar í verðbréfum komi til. Kjör séu markaðsvextir að viðbættu álagi fyrirtækjasviðs og markaðsviðskipta. Algengasti lánstími sé til allt að 3ja mánaða. Breytingar séu útilokaðar.

Vinnureglur vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá því í janúar 2007 eru á meðal gagna málsins. Í ákvæði 1.2 er kveðið á um áhættuflokkun á atvinnufyrirtækjum. Fram kemur að tillögur um áhættuflokkun fagfjárfesta séu unnar af markaðsviðskiptum og lagðar fyrir áhættunefnd bankans til umfjöllunar. Í ákvæði 2.3.5. er kveðið á um valrétt. Tekið er fram að kaup viðskiptamanna á valréttum telji ekki í útlánaígildismörkum að „swaption“ samningum frátöldum. Ekki skuli skrifa valréttarsamning nema hann sé varinn með öðrum valréttum og/eða virkum kaupum og sölu á undirliggjandi eign. AFS geti veitt undanþágu fyrir hver einstök viðskipti.

Í ákvæði 2.5 er fjallað um PM útlán. Fram kemur að PM útlán megi einungis veita aðilum í áhættuflokkum 1-4 með PM mörk. Óheimilt sé að veita öðrum slík lán nema samþykki lána- eða áhættunefnda liggi fyrir. PM útlán megi að hámarki vera til 6 mánaða. Lengri lán þurfi heimild lánanefndar. Framlengingar á PM lánum skuli vera innan marka þó gengisbreytingar hafi orðið svo lánið sé hærra en mörkin í krónum. Í slíkum tilvikum skuli sækja um hækkun á mörkum eða lækka höfuðstól lánsins. Ábyrgð vegna vanskila á PM lánum sé hjá því sviði sem sé skráð fyrir viðskiptamanninum.

Í ákvæði 4.3 er fjallað um tryggingaköll. Fram kemur að starfsmenn markaðsviðskipta skuli fylgjast daglega með þróun markaðsverðs afleiðusamninga viðskiptamanna í hlutfalli við þær tryggingar sem séu fyrir viðskiptum. Ef tap viðskiptamanns sé að aukast, þannig að telja megi að tryggingar muni ekki duga, skuli starfsmaður markaðsviðskipta í samráði við AFS og lánastjóra viðskiptamanns kalla eftir viðbótartryggingum.

Í kafla 7 er fjallað um valrétti. Fram kemur að hlutverk valréttarbókar afleiðuborðs sé að taka stöðu í flökti og stefnu gjaldmiðla og innlendra skulda- og hlutabréfa. Í ákvæði 7.1 kemur fram að haldið sé utan um valrétti og gjaldeyrisstöðu í „Kondor“ og séu valréttir afleiðuborðs geymdir í bókunum FX-Options og FX-Exotics. Gjalddeyrisstaðan endurspegli „delta“ vörn á keyptum og seldum valréttum. Skuldabréfa- og hlutabréfavalréttir séu skráðir í „samningaöskju“. Samkvæmt

ákvæði 7.3 sé samningum skipt upp í eftirfarandi þætti: Valréttargjöld greidd. Valréttargjöld fengin. Uppgjör samninga. Gengisbreytingar. Fram kemur að valréttargjöld samninga séu gerð upp miðað við viðskiptadaga og sé þeim snúið yfir í krónur miðað við viðskiptadagana. Uppgjör samninga sé á hliðstæðan hátt og valréttargjöldin gerð upp miðað við lokadag samninga. Gengisbreytingar opinna samninga séu að lokum metnar með því að skoða markaðsvirði þeirra. Við útreikninga á afkomu afleiðuborðs sé til viðbótar reiknuð afkoma af varnarstöðu valréttanna auk fjármagnskostnaðar af þeirri stöðu. Daglega sé fylgst með afkomu valréttanna og vikulega farið yfir afkomuna yfir ákveðin tímabil, þ.e. liðna viku, mánuð, yfirstandandi ársfjórðung og árið í heild.

Á meðal rannsóknargagna málsins er yfirlit úr áhættumatskerfi Glitnis banka hf. varðandi félagið BK-44 ehf. Er félagið skráð í áhættuflokki 6. Í fjármálagreiningu er félagið sagt vera með yfir 80% eiginfjárlutfall. Stjórnendur séu fáir með einsleitum bakgrunn. Um sé að ræða einkafyrirtæki og eigandi vel efnaður. Áhættustýring félagsins sé virk. Á meðal rannsóknargagna er handveðsyfirlýsing, handveðsetning verðbréfasafns og handveðssetning bankareiknings, allsherjarverð, sem MK-44 ehf. hefur gefið út 25. apríl 2006. Samkvæmt handveðsyfirlýsingunni er Íslandsbanka hf. m.a. sett að handveði öll verðbréf, hverju nafni sem nefnast, sem séu í vörslu Íslandsbanka hf. á hverjum tíma á vörslureikningi nr. 40784. Veðsetningin taki til hvers konar arðs, sem kunnir að vera greiddur af hinu veðsetta og sé veðhafa heimilt að ráðstafa honum til greiðslu á gjaldföllum og/eða ógjaldföllum hluta þeirrar skulda sem handveðið tryggir, allt að vali veðhafa. Veðsali skuldbindi sig til þess að ráðstafa arðgreiðslum beint inn á reikning nr. 582-14-1011155, en reikningurinn ásamt innstæðu hans, eins og hún sé á hverjum tíma, sé jafnframt veðsettur bankanum með yfirlýsingunni.

Á meðal rannsóknargagna málsins er tölvupóstur er ákærði, Magnús Arnar, hefur ritað kl. 17.08 þann 7. nóvember 2007. Póstinn sendir hann ákærða, Elmar og A, starfsmanni í markaðsviðskiptum Glitnis banka hf. Afrit er sent á ákærða, Jóhannes, og C forstöðumann áhættustýringar Glitnis banka hf. Í póstinum segir ákærði að hann sé kominn með samþykki fyrir PM mörkum á BK-44 ehf. upp á 4 milljarða króna í 6 mánuði. Sama dag kl. 17.27 framsendir ákærði, Elmar, þennan póst til ákærða, Birkis, með þeim skilaboðum að bréfin hafi verið keypt áðan, að ákærði fái PM lán fyrir þessum kaupum, „value“ á mánudaginn. 150.000.000 hlutir í Glitni banka hf. að nafnverði á genginu 25,20. Tölvupóst ákærða, Magnúsar Arnar, frá 7. nóvember hefur ákærði, Elmar, framsent 12. nóvember 2007 til starfsmanna í markaðsviðskiptum og til D, sérfræðings í gjaldeyrismiðlun. Sama dag sendir D svar við þessum tölvupósti til ákærða, Elmars, og afrit á ákærðu Jóhannes og Magnús Arnar, um að málið sé afgreitt. Hann hafi lánað BK-44 ehf. 3,7 milljarða lán á 14,55 reibor vöxtum og 210 bp álagi í 1 mánuð, frá 12. nóvember til 12. desember.

Á meðal rannsóknargagna málsins er tölvupóstur er ákærði, Elmar, hefur ritað 7. nóvember 2007, til E regluvarðar Glitnis banka hf. Afrit af póstinum er sent ákærða, Birki. Óskar ákærði, Elmar, eftir heimild út vikuna til þess að eiga viðskipti með allt að 150.000.000 hluti í Glitni banka hf. fyrir BK-44 ehf. Eini eigandi þess félags sé starfsmaður í bankanum, ákærði, Birkir. Heimildin þurfi að „lifa í dag og á morgun“. Regluvörður bankans svarar þessum pósti sama dag og segir heimildina veitta „í dag“. Á meðal rannsóknargagna málsins er afrit af

sölunótu frá 30. apríl 2008. Samkvæmt sölunótunni selur BK-44 ehf. 25. apríl 2008, hluti að nafnverði 30.000.000 í Glitni banka hf. á genginu 16,85 á 505.500.000 krónur, miðað við uppgjör 30. apríl 2008. Frá dregst þóknun að fjárhæð 1.516.500 krónur. Samtals nemur sölufjárhæðin þá 503.983.500 krónum. Fjárhæðin er lögð inn á reikning 513-26-780844. Í athugasemd á sölunótuna er skráð að greiða eigi inn á PM lán. Þá er afrit í gögnum málsins af sölunótu frá 22. júlí 2008, miðað við uppgjörsdag þann dag, þar sem BK-44 ehf. selur Glitni banka hf. hlutabréf að nafnverði 120.000.000 hluta á genginu 14,95. Söluverð er 1.794.000.000. Að frádreginni þóknun að fjárhæð 5.382.000 krónur eru 1.788.618 krónur lagðar inn á reikning nr. 513-26-780844. Í athugasemdum er skráð að greiða eigi niður PM lán hjá „D“.

Afrit af kaupnótu frá sama degi er í gögnum málsins. Samkvæmt henni kaupir BK-44 ehf. sama fjölda hluta aftur á sama gengi og selt var. Í rannsóknargögnunum er afrit af annarri sölunótu frá sama degi. Samkvæmt henni selur BK-44 ehf. Glitni banka hf. hlutabréf að nafnverði 120.000.000 hluta á genginu 31,82. Engin þóknun er tekin. Ekki kemur fram hvar leggja eigi fjárhæðina inn. Í öllum þessum tilvikum sem að framan greinir er ákærði, Elmar, skráður sölumaður í viðskiptunum. Í rannsóknargögnum er afrit af staðfestingum er Glitnir banki hf. hefur gefið út á framlengingu á lánveitingu til BK-44 ehf. Eru framlengingarnar miðaðar við 21. desember 2007, og síðan 14. janúar, 5. mars, 3. apríl, 25. apríl, 30. apríl, 6. maí, 21. maí, 25. júní 2008. Þá er í gögnum málsins afturköllun á lánveitingunni, dagsett 21. desember 2007.

Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting frá Kauphöll Íslands til slitastjórnar Glitnis banka hf. frá 24. nóvember 2011, þess efnis að dagslokaverð hlutabréfa Glitnis banka hf. þann 25. apríl 2008, hafi verið 16,75 krónur á hlut og dagslokaverð sömu hlutabréfa 22. júlí 2008, verið 14,86 krónur á hlut. Þá var staðfest að viðskipti að nafnverði 120.000.000 hluta í Glitni banka hf. hafi verið tilkynnt viðskiptakerfi Kauphallarinnar 22. júlí 2008, kl. 13.46.10 að kerfistíma eða kl. 11.46.10 að staðartíma. Verðið í viðskiptum hafi verið 14,95 krónur á hlut. Um einu viðskipti dagsins með slíkan hlut í bankanum hafi verið að ræða.

Í gögnum málsins er tölvupóstur er ákærði, Jóhannes, hefur sent F forstjóra Glitnis banka hf., 11. nóvember 2007. Tekur ákærði í upphafi fram að um sé að ræða lista yfir þá sem séu með framvirka samninga við bankann. Nokkru síðar tekur ákærði fram að „... á eftir að færa – Gnúpur selur og BK42 kaupir 150 nom.“ Ákærði, Jóhannes, hefur 7. nóvember 2007 sent tölvupóst á starfsmann í viðskiptaveri með beiðni um að „stofna BK 44 kt 6202002129 asap“. Starfsmaður bankans svarar ákærða sama dag og kveður félagið þegar vera til í Kondor og IBAS.

Í gögnum málsins er afrit af tölvupósti sem E regluvörður bankans hefur sent starfsmanni bankans 19. september 2008, en pósturinn er svar regluvarðarins við spurningu starfsmannsins frá deginum á undan þar sem hann biður regluvarðinn um upplýsingar um samning um kaup á eigin bréfum sem „settlaður“ var í júlí. Regluvarðurinn lýsir því að um hafi verið að ræða uppgjör á sölurétti sem eigin viðskipti hefðu samþykkt. Hafi regluvarðurinn vegna starfs síns haft veður af málinu seinni part árs 2007. Hann hafi fengið símtal frá starfsmönnum bankans í júlí 2008. Þá hafi komið í ljós að ekki hafi verið fullgengið frá málinu skriflega er viðskiptin fóru í gegn. Regluvarðurinn hafi farið yfir málið með viðeigandi

starfsmönnum og þá komið í ljós að vegna mistaka hafi gleymst að ganga skriflega frá viðskiptunum. Því hafi verið ákveðið að ganga frá þeim með þessum hætti. Hafi regluvörðurinn verið hafður með í ráðum. Þessum pósti svarar starfsmaður bankans 21. september 2008 og biður um upplýsingar um helstu skilmála samningsins. Þyrfti starfsmaðurinn t.d að meta hvort samningurinn hafi kveðið á um ákveðinn fjölda hluta, á ákveðnu föstu verði, á tilteknum degi. Þessum pósti svarar regluvörðurinn sama dag og kveðst munu finna út úr þessu.

Þann 23. september 2011 ritar slitastjórn Glitnis banka hf. ákærða, Birki, sem fyrirsvarsmanni BK-44 ehf., bréf vegna mögulegrar riftunar á sölu hlutabréfa BK-44 ehf. í Glitni banka hf. í júlí 2008. Er óskað eftir athugasemdum frá félaginu varðandi hugsanlega kröfu um riftun. Bréfinu er svarað fyrir hönd ákærða 10. október 2011. Í bréfinu kemur m.a. fram að fyrri sala bréfanna hafi átt sér stað 25. apríl 2008 er 30.000.000 hlutir hafi verið seldir á genginu 16,85. Er tekið fram að ákærði, Birkir, hafi ekki vitað af sölunni fyrr en eftir á og hann því ekki komið nálægt ákvörðun gengis við söluna. Hann hafi þó nokkur áður óskað eftir að allir hlutirnir í bankanum yrðu seldir.

Á meðal gagna málsins er samkomulag um uppgjör dagsett 19. desember 2011. Er tekið fram að samkomulagið sé gert í kjölfar þess að Glitnir hf. hafi krafist þess að rift yrði með dómi ráðstöfun frá 22. júlí 2008 sem falist hafi í sölu BK-44 ehf. og kaupum Glitnis banka hf. á hlutabréfum í Glitni banka hf. að nafnvirði 120.000.000 hluta á genginu 31,82. Tekið er fram að eftir viðræður aðila hafi komið fram að 13. mars 2008, hafi BK-44 ehf. fengið greiddan arð af umræddum bréfum, samtals að fjárhæð 49.949.999 krónur, að frádregnum fjármagnstekjuskatti og hins vegar að við endanlega sölu hlutabréfanna hafi staðið eftir inni á reikningi BK-44 ehf. 35.775.794 krónur. Hafi orðið að samkomulagi að ljúka ágreiningi milli aðila með því að BK-44 ehf. greiddi Glitni hf. 135.000.000 króna.

Í rannsóknargögnum málsins eru nokkur samtöl sem hljóðrituð hafa verið úr borðsímum Glitnis banka hf. á þeim tíma sem rannsókn málsins tekur til. Einungis verður gerð grein fyrir þeim símtölum er máli skipta fyrir niðurstöðu málsins.

Samkvæmt endurriti símtals frá 12. nóvember 2007, kl. 14.22, ræðir ákærði, Elmar, við D, sérfræðing í gjaldeyrismiðlun. Ræða þeir lánveitingu Glitnis banka hf. til BK-44 ehf. Er á símtalið líður gerir ákærði grein fyrir því að lánið sé til 6 mánaða, en spyr hvort ekki sé hægt að hafa „þetta bara rúllandi á mánuði eða...?“ Viðmælandinn svarar því játandi og segist rúlla þessu í mánuð.

Samkvæmt endurriti símtals frá 11. desember 2007, kl. 16.15, ræða saman ákærðu, Elmar og Birkir. Er líða tekur á símtalið segir ákærði, Elmar, að „...við erum hérna með... BK 42 er hérna með... með gamlan, góðan samning: 80 nom.“ Stuttu síðar spyr ákærði, Elmar, hvort fleyta eigi þessu yfir áramót. Ákærði, Birkir, svarar „Ja, þú veist... hérna... ég... hvað... hvað við... ég meina, ég er nú bara að gera þetta fyrir ykkur sko.“ Síðar í samtali út af sama efni segir ákærði, Elmar, „Og hérna, þannig að þú veist, það bara... það munar rosalegu fyrir okkur bara að koma því sko yfir... yfir helvítis áramótin meðan ljósmyndin er tekin sko af... af „balance sheet-inu“ sko.“ Ákærði, Birkir, tekur undir það að rétt sé að framlengja. Samkvæmt endurriti símtals 15. janúar 2008 milli ákærðu, Elmars og Birkis, gerir ákærði, Birkir, grein fyrir því að hann hafi fengið bréf frá endurskoðanda bankans, en ákærði hafi væntanlega lent í úrtakskönnun innan bankans. Ákærði spyr

síðan „Hvað hérna... nei, ég bara er að velta fyrir mér þá... að halda þessu bara eða hvernig... hvernig... hvernig er staðan hjá okkur, hvað viljið þið gera með þetta?“ Ákærði spyr á ný „Þið viljið bara halda þessu?“ Ákærði, Elmar, svarar því til að hann hringi.

Samkvæmt endurriti símtals frá 22. júlí 2008, kl. 15.18, hringir þáverandi forstöðumaður áhættustýringar Glitnis banka hf. í ákærða, Elmar. Forstöðumaðurinn spyr um „þetta trade á Glitni þarna... á ég að vera glaður“. Forstöðumaðurinn lýsir því að hann hafi alltaf verið að vona að „við getum losnað við eitthvað út úr þessum félögum sem voru að halda mikið á Glitni fyrir okkur... ..eða halda mikið á Glitni skiluru með litlu eigin fé“. Síðar í sama samtali segir ákærði, Elmar, „Það er verið að létta létta á, það er aðeins verið að létta á þessu...“.

Við aðalmeðferð málsins gáfu ákærðu allir skýrslu fyrir dóminum. Þá komu fyrir dóminn sem vitni nokkrir fyrrverandi starfsmenn Glitnis banka hf. Var um að ræða F, fyrrverandi forstjóra Glitnis banka hf., E, fyrrverandi regluvörð bankans, G, þáverandi yfirmann einkabankapjónustu, C, þáverandi forstöðumann áhættustýringar bankans og ritara áhættunefndar, H, fyrrverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, A starfsmann markaðsviðskipta, I og J fyrrum viðskiptastjóra hjá Glitni banka hf., K, fyrrverandi sérfræðing á viðskiptabankasviði, D, fyrrverandi sérfræðing hjá gjaldeyrismiðlun, L, fyrrverandi sérfræðing á markaðsviðskiptasviði, M og N, fyrrverandi starfsmenn úr bakvinnslu verðbréfa, O, fyrrum framkvæmdastjóra fjárhagssviðs, P og Q, fyrrverandi starfsmenn af afleiðuborði, R, fyrrverandi nefndarmann í áhættunefnd og starfsmann í lánastýringu á fyrirtækjasviði, S fyrrum forstöðumann gjaldeyrismiðlunar, og T, fyrrverandi framkvæmdastjóra lögfræðisviðs og regluvörslu. U, fyrrverandi verðbréfamiðlari úr eigin viðskiptum, kom fyrir dóminn en kaus að nýta sér rétt sinn til að tjá sig ekki fyrir dóminum þar sem fyrir liggur kæra Fjármálaeftirlitsins, m.a. á hendur honum, fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf í Glitni banka hf. Að lokum komu fyrir dóminn tveir lögreglumenn. Var annar stjórnandi rannsóknar málsins, en hinn fór fyrir hópi lögreglumanna er unnu að rannsókn málsins. Verður hér á eftir gerð grein fyrir framburðum ákærðu og vitna að því marki er máli skiptir fyrir niðurstöðu málsins.

Ákærði, Elmar Svavarsson, kvaðst á árunum 2007 og 2008 hafa starfað sem verðbréfamiðlari í markaðsviðskiptum hjá Glitni banka hf. Í starfi hans hafi falist að miðla hlutabréfum. Hafi hann ekki verið með svonefnt undirskriftarumboð innan bankans. Að því er varðaði aðdraganda lánveitingar til félagsins BK-44 ehf. í nóvember 2007 hafi komið inn á borð ákærða sala á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Hafi ákærði m.a. átt fund með meðákærða, Birki, og U verðbréfasala úr eigin viðskiptum bankans, vegna sölu á bréfunum, en úr eigin viðskiptum hafi bréfin komið. Á þessum fundi hafi verið ákveðið að bjóða BK-44 ehf. hlutabréfin til kaups. Hafi meðákærði starfað í einkabankapjónustu bankans og sinnt efnuðum viðskiptavinum hans. Hafi meðákærði, Birki, oft verið í sambandi við verðbréfamiðlara bankans vegna viðskiptavina sinna.

Ekki kvaðst ákærði telja að hann hafi haft vitneskju um það á þessum tíma að Gnúpur fjárfestingarfélag ehf. hafi 8. nóvember 2007 lokað framvirkum samningi

vegna sama fjölda hluta í Glitni banka hf. Þá kvaðst ákærði ekki telja að honum hafi á þessum tíma verið ljós heildarstaða bankans í eigin bréfum. Ákærði kvaðst telja að BK-44 ehf. hafi keypt umrædd bréf á markaðsgengi. Hafi ákærði gengið frá þessum viðskiptum eins og miðlarar hafi jafnan gert. Hafi bakvinnsla bankans séð um frágang skjala. Ákærði kvaðst telja að hann hafi aflað heimilda regluvarðar bankans til viðskiptanna í ljósi þess að fyrirsvarsmáður og eigandi BK-44 ehf. hafi verið starfsmaður bankans. Hafi sá háttur einfaldað alla hluti varðandi viðskiptin.

Ákærði kvaðst telja að áhætta vegna viðskiptanna hafi legið hjá kaupandanum. Hafi kaupandinn keypt bréfin og um leið valrétt. Hafi verið um svonefnd „zero-cost“ viðskipti að ræða, sem samið hafi verið um samhliða kaupunum í nóvember 2007. Bréfunum hafi fylgt söluréttur að öllum hlutum, en kaupandinn um leið selt frá sér kauprétt. Mótaðilinn í viðskiptunum hafi verið verðbréfamiðlunin. Kaupandinn hafi fengið peningamarkaðslán fyrir kaupunum. Það hafi ekki hafi komið inn á borð ákærða sem verðbréfamiðlara upplýsingar um það hvort kaupandinn ætti að leggja fram eigið fé vegna viðskiptanna. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt áhættumat sem gert hafi verið á félaginu eða hvernig áhættuflokkun þess hafi verið háttáð. Markaðsviðskipti bankans hafi ekki séð um slíka hluti. Hafi ákærði frétt af því að svonefnd PM mörk hafi verið færð á kaupanda í kerfum bankans og það verið talið fullnægjandi til að viðskipti gætu gengið í gegn. Ekki kvaðst ákærði vita hver hafi samþykkt nefnd PM mörk vegna kaupandans. Hann kvaðst ekki hafa átt nein samskipti við meðákærða, Magnús Arnar, vegna þessara viðskipta. Hafi ákærði þó vitað til þess að meðákærði hafi staðfest PM mörkin vegna kaupandans. Ákærði hafi ekki tekið þátt í umræðu um lánakjör eða lánveitinguna að öðru leyti. Peningamarkaðslán væru eins og yfirdráttur í eðli sínu. Ákærði kvaðst telja að Glitnir banki hf. hafi verið með handveð í hinum keyptu bréfum, en það hafi komið fram í tölvukerfi bankans. Við sölu BK-44 ehf. á bréfunum til bankans í júlí 2008 hafi verið miðað við gengið 31,82.

Á þeim tíma hafi orðið ljóst að ekkert hafi fundist um sölurétt á bréfunum í kerfum bankans og því verið ákveðið að haga uppgjöri þannig að bankinn keypti bréfin á markaðsgengi. Hann seldi BK-44 ehf. bréfin aftur og keypti þau síðan á því gengi er þyrfti til að BK-44 ehf. kæmist skaðlaust frá viðskiptunum. Það gengi hafi U verðbréfamiðlari úr eigin viðskiptum reiknað út. Þegar ljóst hafi verið að sölurétturinn var ekki skráður í kerfi bankans hafi ákærði og U ákveðið að kalla til regluvörð bankans. Hafi regluvörðurinn lagt til að viðskiptin gengju með þessum hætti til að þau væru rekjanleg í bókum bankans. Eftir viðskiptin hafi komið fram fyrirspurn frá bókhaldi Glitnis banka hf. þar sem talsvert högg hafi komið á bankann við sölu, en tap af viðskiptunum fyrir eigin viðskipti bankans hafi numið um 2 milljörðum króna. Ákærði, Birkir, hafi ekki gengið eftir því við ákærða að gerður yrði skriflegur samningur vegna viðskiptanna.

Ákærði kvaðst, sem verðbréfamiðlari í markaðsviðskiptum, hafa átt fjölmörg símtöl við aðra starfsmenn innan bankans vegna viðskipta. Hafi starfsmenn bankans tileinkað sér sérstakt tungumál í samskiptum. Þau símtöl er lögregla hefði undir höndum úr kerfum bankans sýndu á engan hátt að ákærði hefði framið lögbrot í tengslum við viðskipti BK-44 ehf. með hlutabréf í bankanum. Símtöl er lögregla ætlaði að tengdust viðskiptunum hafi sjaldnast gert það. Ákærði kvaðst telja að viðskipti BK-44 ehf. með 150.000.000 hluti í Glitni banka hf. í nóvember 2007, hafi verið stór viðskipti. Ákærði hafi vitað til þess að með því væri félagið eigandi 1% af útgefnu hlutafé í bankanum. Hann kvaðst þekkja til þess er BK-44 ehf. hafi

selt 30.000.000 hluti í bankanum 30. apríl 2008. Hafi meðákærði, Birkir, óskað eftir því að bréf yrðu seld. Enginn annar en meðákærði hafi getað farið fram á söluna.

Ákærði kvaðst ekki hafa haldið utan um gjalddaga að baki lánnum til BK-44 ehf. vegna viðskiptanna. Hann kvaðst hafa tilkynnt umrædd kaup til Kauphallar. Tilkynnt hafi verið um fyrri kaupin sem átt hafi sér stað á markaðsgengi. Ekki hafi verið tilkynnt um síðari kaupin þar sem verð í þeim viðskiptum hafi ekki verið eðlilegt þar sem um uppgjör á grundvelli söluréttarins hafi verið að ræða. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að lánveitingin til BK-44 ehf. þyrfti að fara fyrir lánanefnd Glitnis banka hf. Hann kvaðst kannast við vinnureglur vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf., gefnar út í janúar 2007. Að því er varðaði svonefnd PM mörk í lánakerfum bankans hafi starfsmenn á fyrirtækjasviði bankans séð um að færa þau inn og önnur atriði tengd þeim lánnum. Væri það ekki á verksviði verðbréfamíðlara í markaðsviðskiptum að framlengja í peningamarkaðslánnum.

Ákærði, Jóhannes Baldursson, kvaðst á árunum 2007 og 2008 hafa starfað sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis banka hf. Undir deildina hafi heyrt nokkrar deildir innan bankans, svo sem afleiðudeild, greiningadeild, gjaldeyrismiðlun og deild sem haft hafi með höndum gjaldeyrisstýringu, skulda- og eignastýringu og eigin viðskipti með hlutabréf. Ákærði kvaðst á starfstíma sínum í bankanum öðru hvoru hafa komið að einstökum viðskiptum innan bankans. Sem framkvæmdastjóri hafi ákærði verið með svonefnt A-undirskriftarumboð fyrir hönd bankans. Ákærði kvaðst kannast við vinnureglur vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá í janúar 2007. Hafi hann í starfi sínu farið eftir þessum reglum.

Að því er peningamarkaðslán varðaði, þá hafi viðskipti með slík lán orðið til á þann veg að viðskiptavinur hafi snúið sér til miðlara innan bankans vegna viðskipta. Miðlari hafi annast viðskipti fyrir viðkomandi viðskiptavin miðað við svonefnd PM mörk er skráð hafi verið á viðskiptavininn í kerfum bankans. Þau mörk hafi verið unnin upp í gegnum lánastjóra viðkomandi viðskiptavina. Að því er varðaði framlengingar lána hafi viðskiptavinir sjálfir þurft að óska eftir framlengingu í lánnum. Gjaldyrismiðlarar innan bankans hafi séð um framlengingu þar sem peningamarkaðslánin hafi verið á þeim stað innan bankans.

Að því er varðaði viðskipti BK-44 ehf., með 150.000.000 hluti í Glitni banka hf. í nóvember 2007, hafi aðdragandi þeirra viðskipta verið sá að ákærði hafi átt stuttan fund með meðákærðu, Elmar og Birki, þar sem umrædd viðskipti hafi verið rædd. Þar hafi söluréttur á bréfunum af hálfu kaupanda verið ræddur. Ákærði kvaðst ekki þekkja hver hafi verið endanleg niðurstaða varðandi hann. Rætt hafi verið um takmarkaða tapsáhættu og hagnaðarvon. Hann sagðist ekki þekkja hvort rætt hafi verið um svonefnd „zero-cost“ viðskipti í þessu sambandi. Sennilega hafi meðákærði, Elmar, átt frumkvæði að fundinum. Ekki kvaðst ákærði vita af hverju til viðskipta BK-44 ehf. með hlutabréfin hafi stofnast. Hann kvaðst engin önnur afskipti hafa átt að þeim viðskiptum eða lánveitingum tengdum þeim. Þekkti hann því ekki til forms viðskiptanna eða ákvörðunar um gengi í viðskiptunum. Þá kvaðst ákærði ekki muna eftir umræðu um áhættu tengda viðskiptunum eða umræðu um eigið fé kaupanda í viðskiptunum. Hann myndi heldur ekki eftir umræðu um tilkynningu til Kauphallar vegna viðskiptanna. Hlutir í viðskiptunum hafi komið úr eigin viðskiptum innan bankans. Á sama tíma hafi samsvarandi hlutir komið inn í bankann vegna sölu Gnúps fjárfestingarfélags ehf., á sama fjölda hluta. Ekki kvaðst

ákærði þekkja hvort sú sala og kaup BK-44 ehf., á sama fjölda hluta, tengdist.

Í kringum uppgjör á þessum viðskiptum hafi það komið upp að ekki hafi sést skjalfestur söluréttur tengdur bréfunum. Regluvörður bankans hafi verið kallaður til og regluvörðurinn lagt til skástu leið í stöðunni. Ákærði kvaðst líta svo á að BK-44 ehf. hafi borið mótaðilaáhættu í þessum viðskiptum. Að því er varðaði peningamarkaðslán innan bankans hafi þau verið eins konar yfirdráttur eða viðlíka viðskipti. Ekki þyrfti að útbúa sérstaka lánsbeiðni vegna slíkra lána, en um væri að ræða skammtímalánveitingu sem væri bæði einföld og stöðluð. Ákærði kvaðst ekki muna eftir hver hafi verið viðskipta- eða lánastjóri BK-44 ehf. á sínum tíma. Vegna viðskiptasögu félagsins hafi slíkir viðskipta- eða lánastjórar væntanlega verið til staðar. Ákærði kvaðst ekki geta staðhæft hvað hann hafi á sínum tíma vitað um áhættumat á BK-44 ehf. Hafi hann væntanlega talið að slíkt mat hafi farið fram á sínum tíma. Hafi ákærði ekki gert ráð fyrir öðru en að öll atriði tengd viðskiptunum hafi verið í samræmi við reglur bankans.

Hann kvaðst ekki muna eftir einhverjum samskiptum við meðákærða, Magnús Arnar, tengdum þessum viðskiptum. Svonefnd PM mörk væru ákveðin innan fyrirtækjasviðs bankans, þó svo peningamarkaðslánin væru veitt innan markaðsviðskipta bankans. Markmið bankans væri að hagnast á viðskiptum. Miðlarar innan bankans sæju í sínum kerfum einstök viðskipti og hvaða álag að lágmarki þyrfti að bætast ofan á lánveitingu til að viðskipti skiluðu hagnaði. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir umræðu innan bankans, á þeim tíma er nefnd viðskipti hafi átt sér stað, um stöðu bankans í eigin bréfum og hvort bankinn væri að fara yfir mörk í því sambandi. Hann kvaðst þó muna eftir umræðu innan bankans um að á reiki hafi verið hvað hafi átt að telja fram í útreikningi á hlutfalli eigin bréfa í bankanum. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega eftir tölvupósti sem meðákærði, Magnús Arnar, hafi sent 7. nóvember 2007, varðandi PM mörk fyrir BK-44 ehf. Kvaðst ákærði telja að hann hafi fengið afrit af þessum pósti þar sem hann hafi verið framkvæmdastjóri markaðsviðskipta. Forstöðumaður áhættustýringar hafi sennilega fengið afrit af sama pósti þar sem hann hafi verið yfirmaður áhættustýringar bankans. Að því er varðaði tölvupóst frá D, sérfræðingi í gjaldeyrismiðlun, frá 12. nóvember 2007, um lánveitingu upp á tæplega 3.8 milljarða króna kvaðst ákærði ekki vita af hverju hann hafi fengið þann póst sendan. Ákærði kvaðst ekki kannast við uppgjör á nefndu láni eða þekkja sölufyrirmæli frá BK-44 ehf. á bréfunum í apríl og júlí 2008. Hann kvaðst hafa upplýst forstjóra bankans um uppgjör viðskiptanna í júlí 2008 og tap bankans á viðskiptunum. Ákærði kvaðst líta svo á að mannleg mistök hafi leitt til þess að ekki hafi verið skjalfest um sölurétt kaupandans á bréfunum. Hafi bankinn tekið á sig að bera allt tap vegna viðskiptanna þar sem mistök í skráningu söluréttarins hafi legið innan bankans en ekki hjá viðskiptamanni, sem hafi verið stór aðili í viðskiptum.

Ákærði, Magnús Arnar Arngrímsson, kvaðst hafa starfað sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka á Íslandi í nóvember 2007. Hafi hann í maí 2008 orðið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs bankans. Kvaðst ákærði hafa setið í lánanefnd bankans á þessum tíma. Þá hafi hann setið fundi áhættunefndar bankans, þó svo hann hafi ekki verið þar nefndarmaður. Ákærði kvaðst líklega hafa haft undirskriftarumboð sem framkvæmdastjóri. Að því er svonefnd PM mörk varðaði hafi öll lán sem hafi verið umfram þau mörk þurft að fara fyrir lánanefndir. Í einstaka tilviki hafi mál verið afgreidd milli funda en þau verið samþykkt á næsta fundi í nefnd. Ákærði kvaðst ekki muna eftir vinnureglum vegna markaðsviðskipta

Glitnis banka hf. frá í janúar 2007 og sjálfsagt ekki á sínum tíma hafa þekkt regluákvæðin um útlán í ákvæði 2.5. Ákærði kvað vinnuferla á sínum tíma hafa verið með þeim hætti að viðskiptastjórar viðskiptavina hafi sótt um heimildir fyrir PM mörk og þá að beiðni viðskiptavina. Innan bankans hafi verið áhættumatsflokkun sem viðskiptavinum hafi verið ráðað innan. Viðskiptastjórar hafi lagt málefni einstakra viðskiptavina fyrir lána- eða áhættunefnd, hafi málið þurft að fara fyrir slíka nefnd. Fjárhæðir hafi mestu ráðið því fyrir hvaða nefnd bankans málið færi. Að jafnaði hafi ákærði ekki fylgst með atriðum eins og framlengingu lána viðskiptavina.

Að því er varðaði lánanefndir bankans hafi mál verið send til nefndarinnar. Sá starfsmaður sem unnið hafi að viðkomandi lánamáli hafi komið niðurstöðu frá lánanefnd áfram eftir afgreiðslu nefndarinnar. Að því er varðaði viðskipti BK-44 ehf. með 150.000.000 hluti í Glitni banka hf. í nóvember 2007, kvaðst ákærði ekki hafa komið að undirbúningi þeirra viðskipta. Þekkti hann ekkert til þeirra og kvaðst á sínum tíma ekki hafa gert það, svo sem varðandi fjármögnun kaupa, tryggingar að baki lánveitingunni og viðlíka atriði. Þá hafi ákærði ekki þekkt til umræðu um sölurétt á hlutabréfunum. Hann hafi ekki komið að uppgjöri lánsins í júlí 2008. Kvaðst ákærði ekki telja að hann hafi á sínum tíma þekkt hver hafi verið lánastjóri félagsins eða hver hafi yfir höfuð annast málefni þess innan bankans. Þá kvaðst ákærði ekki telja að hann hafi þekkt hver hafi óskað eftir PM mörkum fyrir félagið eða peningamarkaðsláni fyrir það. Málið hafi væntanlega verið afgreitt innan fyrirtækjasviðs þar sem það svið bankans hafi séð um stærri lánveitingar. Meðákærði, Birkir, hafi ekki verið í sambandi við ákærða vegna þessa.

Að því er varðaði tölvupóst er ákærði hafi sent í nóvember 2007, þar sem hann hafi staðhæft að komin væru PM mörk fyrir félagið, kvaðst ákærði í dag ekkert muna eftir þessum pósti. Kvaðst hann án vafa hafa sent póstin þar sem hann hafi fengið fyrirmæli um það. Hljóti það að hafa verið frá yfirmanni ákærða sem slík fyrirmæli hafi komið. Hann kvaðst í dag ekki geta munað frá hverjum þessi fyrirmæli hafi komið. Hafi ákærði verið að senda slík fyrirmæli áfram innan bankans. Hann kvaðst ekki hafa komið að lánveitingu til BK-44 ehf. að öðru leyti innan bankans. Ákærði kvaðst á þessum tíma ekki sjálfur hafa verið með umboð til viðlíka ráðstafana, þ.e. að veita PM mörk upp á tæplega 4 milljarða króna. Í nóvember 2007 hafi næsti yfirmaður ákærða verið framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og þar fyrir ofan forstjóri bankans. Ákærði kvaðst hafa þekkt ákærða, Birki, á þessum tíma. Hafi þeir báðir verið frá Vestmannaeyjum og oft hist í hádeginu í mötuneyti bankans.

Ákærði, Birkir Kristinsson, kvaðst á árunum 2007 og 2008 hafa verið starfsmaður í einkabankaþjónustu Glitnis banka hf. Á sama tíma hafi hann verið eigandi og stjórnarmaður BK-44 ehf. Sem starfsmaður Glitnis banka hf. hafi ákærði ekki getað eða mátt skipta sér af frágangi viðskipta félaga í eigu ákærða innan bankans. Strangar reglur hafi gilt innan Glitnis banka hf. um viðskipti starfsmanna innan bankans. Á þessum tíma hafi verið í stýringu hjá ákærða í einkabankaþjónustu 25 til 30 milljarðar og virkir aðilar í eignastýringu í kringum 100. Að auki hafi verið í stýringu hjá ákærða yfir 10 milljarðar í framvirkum samningum og svonefndum „strúktúrum“. Um hafi verið að ræða gríðarlegar fjárhæðir og á árunum 2007 og 2008, hafi viðskiptamenn verið að tapa umtalsverðum fjárhæðum. Greina hafi þurft annars vegar á milli viðskipta BK-44 ehf. um kaup á hlutabréfum og hins vegar kaup á framvirkum samningum og „strúktúrum“, sem ítrekað hafi

komið fram í skýrslutökum og símtölum í rannsóknargögnum málsins. „Strúktúrar“ hafi á þessum tíma verið notaðir sem samheiti yfir fjármögnuð afleiðutengd skuldabréf. Skuldabréf þessi hafi verið gefin út á tímabilinu maí til september 2007 og um verið að ræða 12 til 16 mánaða vaxtalaus bréf þar sem að ávöxtun var tengd hlutabréfaverði íslenskra eða erlendra fjármálastofnana. Á vetrarmánuðum 2007 hafi þessir „strúktúrar“ verið komnir í mínus og mikil áhersla lögð á það innan bankans að finna lausnir til að leysa vandamál þeirra viðskiptavina er komnir hafi verið með stórar tapsstöður.

Á þessum tímum hafi viðskiptamenn í umsjón ákærða hjá einkabankaþjónustunni borið mikið tap af framvirkum samningum og „strúktúrum“ og þeir verið í stöðugu sambandi við ákærða vegna þess. Flest símtöl í rannsóknargögnum málsins þar sem ákærði hafi verið að ræða í síma hafi varðað framvirka samninga og „strúktúra“. Ekkert símtal hafi varðað kaup BK-44 ehf. á hlutabréfum í Glitni banka hf. og sölurétt vegna þeirra. Ákærði hafi ekki átt frumkvæðið að kaupum BK-44 ehf. á hlutabréfum í Glitni banka hf. með sölurétti. Í upphafi hafi starfsmenn bankans óskað eftir því að ákærði myndi kanna hjá viðskiptamönnum einkabankaþjónustu hvort þeir hefðu áhuga á viðskiptunum. Um hafi verið að ræða stór viðskipti og þau þar af leiðandi hentað litlum hópi viðskiptavina. Þá hafi bréf í Glitni banka hf. verið há um tíma en tekið að lækka. Þegar í ljós hafi komið að þau hentuðu viðskiptavinum ákærða ekki hafi BK-44 ehf. verið boðin hlutabréfin til kaups.

Árla dags 7. nóvember 2007 hafi meðákærðu, Elmar og Jóhannes, átt stuttan fund með ákærða þar sem BK-44 ehf. hafi verið boðin bréfin til kaups. Hafi ákærði ákveðið að ganga inn í viðskiptin þar sem ákærði hafi talið mögulegt að hagnast á þeim. Starfsmenn markaðsviðskipta, meðákærðu Elmar og Jóhannes, hafi kynnt fyrir ákærða að þeir myndu sjá um að senda erindi til þeirra er sæju um lánveitingar innan bankans auk þess sem ákærði, Elmar, hafi sagt að hann myndi vera í tengslum við regluvörð bankans. Regluvörðurinn hafi þurft að gefa heimild fyrir viðskiptunum þar sem ákærði var starfsmaður bankans. Viðskiptin hafi verið sambærileg við aðrar viðskiptahugmyndir sem bankinn hafði verið að kynna viðskiptavinum sínum, m.a. viðskiptavinum hjá ákærða. Viðskiptin hafi haft í för með sér takmarkaða áhættu vegna þess að þeim hafi fylgt söluréttur en á móti verið búið að takmarka mögulegan hagnað með því að selja frá sér kauprétt á sama tíma.

Ákærði kvaðst ekki þekkja ástæðu þess að söluréttur á bréfunum hafi ekki verið skráður í kerfum bankans. Er komið hafi að sölu bréfanna í júlí 2008 hafi komið upp að enginn skráður söluréttur að bréfunum hafi fundist í bankanum. Ákærði kvaðst ekki hafa komið að eða þekkt ástæðu þess að ákveðið hafi verið að bankinn keypti bréfin í júlí 2008, seldi þau aftur BK-44 ehf. og keypti þau aftur á herra gengi. Hafi ákærði ekki komið að neinum ákvörðunum tengdum því. Viðskiptin í nóvember 2007 hafi verið framkvæmd hjá markaðsviðskiptum innan bankans. Ákærði hafi engin fyrirmæli gefið um útfærslu viðskiptanna. Þá hafi ákærði ekki gefið fyrirmæli um framlengingu í lánnum hverju sinni.

Ákærði kvaðst hafa óskað eftir að 30.000 hlutir af bréfum yrðu seldir í apríl 2008 og andvirði sölunnar ráðstafað inn á lán BK-44 ehf. hjá Glitni banka hf. Hafi ákærði verið í sambandi við meðákærða, Elmar, vegna þess. Ekki hafi ákærði á neinum tíma verið í sambandi við meðákærða, Magnús Arnar, vegna viðskiptanna. Þá hafi ákærði ekki þekkt til þess hvort málið hafi farið fyrir áhættunefnd bankans. Hann hafi ekki vitað hvernig lánakjör hafi verið ákveðin. Hann hafi ekki ritað undir

nein skjöl varðandi viðskiptin. Það hafi ekki komið til tals að BK-44 ehf. legði fram eigið fé vegna viðskiptanna. Ákærði kvaðst hafa talið að umrædd hlutabréf í Glitni banka hf. hafi farið inn á handveðsettan reikning í bankanum og bankinn því verið með tryggingu í þeim. Ákærði hafi ekki þekkt ástæðu þess að bréfin hafi farið inn á þann reikning er þau hafi að lokum farið inn á. Hann hafi ekkert þekkt til tilkynningar til Kauphallar vegna viðskiptanna. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við aðra en meðákærðu, Elmar og Jóhannes, vegna þeirra. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt úr hvaða viðskiptum umrædd hlutabréf hafi verið að koma eða að Gnúpur fjárfestingarfélag ehf. hafi á sama tíma verið að loka framvirkum samningi með sölu sama hluta bréfa í Glitni banka hf. Í júní 2007 í tengslum við yfirtöku ákærða á BK-44 ehf., hafi dótturfélag BK-44 ehf. selt alla eignarhluti samstæðunnar í Gnúp fjárfestingarfélagi ehf. Ákærði kvaðst ekki hafa þekkt hver hafi verið lánastjóri BK-44 ehf. í nóvember 2007. BK-44 ehf. hafi fengið greiddan arð í mars 2008. Sá arður hafi farið inn á handveðsettan reikning og því verið undir forræði bankans.

Þar sem ákærði hafi talið að BK-44 ehf. ætti ekki umrædda fjármuni hafi ákærði ekki skráð þá sem skuld í ársreikningi BK-44 ehf. og þeir verið þannig skráðir í ársreikningum félagsins allt þar til arðurinn ásamt uppgjöri viðskiptanna og vöxtum hafi verið greiddur til Glitnis banka hf. Ákærði kvaðst hafa ráðfært sig við sérfræðinga við gerð ársreiknings BK-44 ehf. vegna ársins 2007. Hafi ákærði því verið í góðri trú um að meðferð viðskiptanna hafi verið í samræmi við lög, en það hafi staðfest tveir löggiltir endurskoðendur frá KPMG og endurskoðandi félagsins hjá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte.

F, fyrrverandi forstjóri Glitnis banka hf., kvaðst hafa setið sem formaður í áhættunefnd bankans í nóvember 2007. Að jafnaði hafi lánastjórar viðkomandi félaga óskað eftir að ákveðin yrðu PM mörk fyrir félögin og slík lánamál verið færð fyrir nefndina. Þekkti hann ekki til þess að málefni BK-44 ehf. hafi verið tekin fyrir í áhættunefndinni. Hann hafi ekki gefið fyrirmæli um atriði tengd kaupum félagsins á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. í nóvember 2007. Hafi hann ekki vitað af málinu fyrr en er lögreglurannsókn hafi farið af stað vegna þess. Þrátt fyrir það hafi verið um stóra sölu að ræða, eða sem numið hafi um 1% af hlutafé í bankanum. Ekki þekkti hann til þess hver hafi tekið ákvörðun um lánveitingu til félagsins vegna hlutabréfakaupanna. Á þeim tíma hafi hann heldur ekki þekkt til þess hvernig viðskiptin hafi verið gerð upp, eða minnst þess að hafa haft um það upplýsingar að bankinn hafi tapað um 2 milljörðum á viðskiptunum. Í júlí 2008 hafi Glitnir banki hf. átt talsvert af eigin bréfum. Ekki myndi hann eftir að bankinn hafi gripið til sérstakra ráðstafana vegna þess.

E, fyrrverandi regluvörður Glitnis banka hf., kvað ákærða, Elmar, hafa komið að máli við sig í nóvember 2007 vegna kaupa BK-44 ehf. á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Hafi regluvörðurinn veitt samþykki fyrir kaupum og mælt svo fyrir að heimild til kaupanna myndi gilda í einn dag. Ekki hafi hann þekkt inntak viðskiptanna. Sumarið 2008 hafi ákærði, Elmar, óskað eftir því að regluvörðurinn kæmi á sinn fund. Hafi ákærði sagt að vegna mistaka hafi söluréttur á bréfum BK-44 ehf. ekki verið skráður í kerfi bankans. U, verðbréfasali úr deild eigin viðskipta bankans hafi einnig komið að málinu. Kvaðst regluvörðurinn hafa gefið heimild fyrir sölu hlutanna en tjáð ákærða, Elmari, að viðskiptin yrðu að vera þannig skráð að þau kæmu skýrt fram í gögnum bankans. Regluvörðurinn hafi ekki mælt fyrir um hvernig viðskiptin í júlí 2008 yrðu útfærð, enda hafi hann sem regluvörður

engar heimildir haft til ákvörðunar um einstök viðskipti. Þekkti hann því ekki hvernig fjárhæð gengis í endurkaupum bankans hafi verið ákveðin. Ákærði, Jóhannes, hafi á endanum tekið ákvörðun um hvernig viðskiptin í júlí 2008 yrðu útfærð þegar í ljós kom að sölurétturinn hafi ekki verið skráður. Hafi regluvörðurinn gert starfsfólki í bókhaldi bankans aðvart um viðskiptin. Síðar hafi endurskoðendur bankans skoðað þessi viðskipti. Regluvörðurinn kvaðst ekki hafa þekkt í hverju söluréttur BK-44 ehf. hafi verið fölginn.

G, fyrrverandi framkvæmdastjóri einkabankaþjónustu Glitnis banka hf., kvað ákærða, Birki, hafa starfað í sinni deild og annast málefni efnameiri viðskiptavina bankans. Í störfum sínu í einkabankaþjónustu hafi starfsmenn hringt mörg símtöl á dag í starfsmenn markaðsviðskipta. Framkvæmdastjórinn kvaðst hafa þekkt til viðskipta ákærða, Birkis, vegna kaupa BK-44 ehf. á hlutum í bankanum og umfang þeirra. Um hafi verið að ræða stór viðskipti. Ekki hafi framkvæmdastjórinn þekkt til aðdraganda viðskiptanna eða hver hafi verið seljandi bréfanna. Hafi ákærði sagt að um væri að ræða svonefnd „zero-cost“ viðskipti, þar sem áhætta af viðskiptunum væri takmörkuð fyrir kaupandann. Hafi kaupandinn átt sölurétt og um leið takmarkaða hagnaðarvon. Ákærði hafi upplýst framkvæmdastjóranum um arðgreiðslu inn í félagið á árinu 2008. Hafi framkvæmdastjórinn hvatt ákærða til að loka þessum viðskiptum.

H, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf., kvaðst hafa verið yfir fyrirtækjasviði á árinu 2007 og þar til í maí 2008, er hann hafi látið af störfum. Undir sviðið hafi m.a. heyrt viðskiptabankasviðið, fjárfestingabankasvið og markaðsviðskipti. Hafi hann verið yfirmaður ákærða, Magnúsar Arnars, þar til í maí 2008. Ekki hafi hann þekkt til viðskipta BK-44 ehf. með hlutabréf í Glitni banka hf. í nóvember 2007, né hafi hann innan bankans verið í samskiptum við ákærða, Birki, vegna þeirra mála. Hafi hann engin fyrirmæli gefið varðandi lánveitingu tengda viðskiptunum. Framkvæmdastjórinn hafi setið í áhættunefnd Glitnis banka hf. og lánanefnd fyrirtækja. Erindi hafi í einhverjum tilvikum verið afgreidd á milli funda í lánanefndum. Í þeim tilvikum hafi slíkar lánveitingar verið afgreiddar á næsta fundi í nefndinni. Svonefnd PM mörk viðskiptavina hafi farið fyrir umræddar nefndir og um þau samþykki verið farið eftir vinnureglum vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá í nóvember 2007. Þar hafi viðskiptavinum verið raðað niður m.v. áhættuflokkun. Eftir að PM mörk hafi verið sett hafi lán verið afgreidd í markaðsviðskiptum bankans. Viðskiptastjórar hafi sótt um lánamörk fyrir viðskiptavinum og sett fyrir lánanefndir.

C, fyrrverandi forstöðumaður áhættustýringar Glitnis banka hf., kvaðst hafa starfað sem slíkur á árunum 2007 og 2008. Hafi hann jafnframt verið ritari áhættunefndar bankans vegna áhættustýringar bankans. Hann hafi ekki verið með neitunarvald varðandi afgreiðslu lánamála. Hafi hann gegnt eins konar eftirlitshlutverki sem ritari og getað bent á atriði sem honum hafi þótt skipta máli út frá áhættustýringu. Ekki hafi hann setið í fyrirtækjalánanefnd bankans. Að því er áhættunefnd varðaði hafi erindi verið lögð fyrir nefndina með því að þau væru send á tiltekið pósthöfund innan bankans. Slík erindi hafi verið sett á dagskrá funda í nefndinni og tekin þar fyrir. Í einhverjum tilvikum hafi mál verið afgreidd á milli funda með samþykki nefndarmanna, en í þeim tilvikum hafi mál verið formlega afgreidd á næsta fundi í nefndinni. Svonefnd lánamörk hafi verið hluti lánamála sem afgreidd hafi verið í nefnd. Þetta tvennt hafi oft farið saman þannig að lánamörk hafi verið afgreidd um leið og lán til viðkomandi hafi verið samþykkt.

Viðskiptastjóri viðkomandi félags hafi haft það með höndum að setja mál fyrir nefndarfundi. Kerfi innan bankans sem borið hafi nafnið Fálkinn hafi verið notað varðandi áhættumat á ákveðnar tegundir fyrirtækja. Í nóvember 2007 hafi málum verið þannig háttað að starfsfólk á sviði áhættustýringar hafi undirbúið fundi í áhættunefnd.

Forstöðumaðurinn kvaðst hafa fylgst með stöðu bankans í eigin bréfum. Að einhverju leyti hafi verið álitamál hvað hafi átt að telja í útreikningi á þeim stærðum. Hafi bankinn leitast við að vera undir 10% mörkum að því er varðaði eignarhald á eigin bréfum, sbr. 29. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Hafi forstöðumaðurinn séð skýrslu í nóvember 2007 þar sem fram hafi komið að bankinn væri yfir 10% mörkunum. Á þeim tíma hafi verið deilt um hvað ætti að telja í þeim útreikningi. Kvaðst forstöðumaðurinn ekki hafa þekkt til lánveitingar Glitnis banka hf. til BK-44 ehf., sem veitt hafi verið í nóvember 2007, í tengslum við kaup félagsins á hlutafé í bankanum. Kvaðst hann staðfesta að í gögnum málsins væri tölvupóstur er hann hafi fengið afrit af varðandi þessi viðskipti. Hafi hann án vafa ekkert aðhafst á sínum tíma vegna póstsins þar sem pósturinn hafi ekki kallað á neinar aðgerðir af hans hálfu. Akærði, Magnús Arnar, hefði ekki haft heimild til ákvörðunar samkvæmt tölvupóstinum. Slíkt erindi hafi þurft að afgreiða í áhættunefnd bankans. Ekki kvaðst hann muna eftir því að erindi tengt lánveitingum til BK-44 ehf. hafi í nóvember 2007 farið fyrir áhættunefnd bankans. Hefði hann enga vitneskju um hver innan bankans hefði tekið ákvörðun um lánveitinguna til BK-44 ehf. Engar bókanir um þetta væru til í fundargerðum áhættunefndar. Ekki hafi átt að vera heimilt að greiða út lánið á félagið án þess að samþykki áhættunefndar lægi fyrir. Málefni BK-44 ehf. hafi síðar komið upp í áhættunefnd en það hafi verið tengt eignarhaldi félagsins á stórum hlut í bankanum. Fyrir áhættunefnd hafi verið lagðir listar yfir svonefnd tryggingaköll. BK-44 ehf. hafi ekki verið á slíkum lista.

A, fyrrverandi starfsmaður í markaðsviðskiptum Glitnis banka hf., kvaðst hafa haft það hlutverk með höndum á árunum 2007 og 2008 að taka út upplýsingar um opna samninga viðskiptavina og tryggingar að baki samningum. Hafi hann fært inn svonefnd PM mörk á félög eftir að mörk hafi verið samþykkt í lánanefnd. Hafi sá háttur oft verið hafður á að miðlarar hafi sótt um PM mörk fyrir viðskiptavini bankans. Að því er varðaði mörk félagsins BK-44 ehf. hafi hann fengið sendan póst með mörkum fyrir félagið. Hafi hann á grundvelli tölvupóstsins skráð mörkin. Skráning á mörkum hafi yfirleitt borist honum með tölvupósti eftir samþykki lánanefnda. Hafi hann ekki verið í samskiptum við starfsmenn á lánasviðum nema til að kalla eftir samþykki á mörkum. Hafi hann ekki þekkt málefni félagsins BK-44 ehf. að öðru leyti. Hann hafi ekki vitað hvar málefni félagsins væru til meðferðar innan bankans.

I og J, fyrrverandi viðskiptastjórar í Glitni banka hf., sem í kerfi bankans voru skráðir viðskiptastjórar BK-44 ehf., kvaðust hafa heyrt af félaginu BK-44 ehf. Þeir hafi ekki komið að lánveitingu til félagsins á árinu 2007, eða undirbúið hana á neinn hátt. Skráning þeirra sem viðskipta- eða lánastjóra í kerfum bankans hafi verið frá gamalli tíð. Hlutverk lánastjóra almennt hafi verið að vinna að lánamálum félaga, búa til áhættumat og sinna viðskiptavinum á ýmsan hátt. Eftirlit með tryggingum hafi einnig verið á herðum lánastjóra.

K, fyrrverandi forstöðumaður í lánastýringu á viðskiptabankasviði Glitnis banka hf., kvaðst á sínum tíma hafa heyrt af félaginu BK-44 ehf. Hann hafi ekki haft með málefni félagsins að gera. K kvaðst staðfesta að hafa sent tölvupóst þess efnis 31. mars 2008 að áhættumat vantaði fyrir BK-44 ehf. Hafi pósturinn verið sendur þar sem félagið hafi ekki verið áhættumatsflokkað í Fálka. Ekki hafi honum verið kunnugt um hver hafi verið viðskipta- eða lánastjóri félagsins en tölvupóstinn hafi hann sent tveim einstaklingum innan bankans sem skráðir hafi verið á félagið í kerfinu. Innan bankans hafi verið unnið að átaki í að áhættumeta félög í viðskiptum við bankann.

D, sérfræðingur í gjaldeyrismiðlun innan Glitnis banka hf., kvaðst hafa starfað innan markaðsviðskipta í bankanum. Hann kvað peningamarkaðslán hafa verið lán sem bankinn hafi veitt. Lánsformið hafi verið einfalt. Fyrirtækjasvið bankans hafi sótt um PM mörk fyrir lánið. Sá sem unnið hafi með málið hafi fengið upplýsingar um samþykkt mörk og viðkomandi fært þau inn í kerfi bankans. Gæta hafi þurft að því að þessi mörk væru komin inn í kerfi áður en lánveitingin færi fram. Fyrirtækjasviðið hafi borið ábyrgð á lánamörkunum. Þegar kæmi að framlengingu í lánum hefði gjaldeyrismiðlun haft það hlutverk að hafa samband við viðskiptavin og athuga hvort framlengja ætti í láni eða hvort greiða ætti það upp. Ekki kvaðst D muna eftir hver hafi verið viðskipta- eða lánastjóri fyrir BK-44 ehf. Þá kvaðst hann ekki vita hver hafi sett inn PM mörkin fyrir félagið eða hver hafi tekið ákvörðun um lánveitingu til félagsins. Samþykktir lánanefnda hafi að jafnaði borist til A starfsmanns í markaðsviðskiptum sem fært hafi mörkin inn. Kjör á peningamarkaðslánum hafi yfirleitt verið ákveðin sem fall af áhættuflokkun viðkomandi félags. Til viðbótar hafi komið álag. Kjörin hafi að jafnaði verið ákveðin í samráði við viðskiptavin. D kvaðst geta staðfest að símtal á milli hans og ákærða, Elmars, sem átt hafi sér stað 12. nóvember 2007 kl. 14.22, varði lánveitinguna til BK-44 ehf. Af samtalinu mætti ráða að D hafi skort upplýsingar varðandi lánveitinguna.

P og Q, fyrrverandi starfsmenn á afleiðuborði Glitnis banka hf., sem fyrir dóminn komu, lýstu því að hlutverk þeirra hafi m.a. verið að verðleggja valrétti innan bankans. Ákærði, Jóhannes, hafi verið yfirmaður þeirra. Kváðust starfsmennirnir ekki muna sérstaklega eftir viðskiptum BK-44 ehf. með hlutabréf í bankanum. Hafi verið gengið frá sölurétti á sínum tíma, hafi mjög líklega verið haft samband við þau og gefið svokallað „kvót“ í söluréttinn. Þess hafi verið dæmi að bankinn hafi selt sölurétt í eigin bréfum. Starfsmennirnir tveir hafi verið með sitt hvora bókina fyrir valréttina. Hafi þau sitt í hvoru lagi leitast við að jafna út áhættu bankans í þessum verðlagningum með því að láta mismunandi samninga mætast eins og kostur var. Bankinn hafi verið með svokallaða „Delta“ vörn í gegnum svokallaðan „Hdge“ reikning. Sérstakt valréttargjald hafi verið greitt fyrir kaup eða sölurétt. Ef söluréttur hafi verið verðlagður í kaupum BK-44 ehf. hafi þurft að verðleggja hina undirliggjandi eign í samningnum. Til hafi verið svokallaðir „zero-cost“ samningar. Í þeim tilvikum hafi verið sett sérstakt gólf í viðskiptum með bréfin. Hafi sölugengið verið haft lægra. Almennt hafi verið greitt fyrir söluréttinn með því að selja frá sér kaupréttinn. Í þeim tilvikum hafi sölugengið verið haft lægra. Í sumum tilvikum hafi verið um svokölluð „back to back“ viðskipti að ræða, en þá hafi viðskipti orðið á milli miðlara og eigin viðskipta Glitnis banka hf. Í þeim tilvikum hafi ekki þurft að fara út á markað og hreyfa gengi.

Niðurstaða:

Ákærðu neita allir sök og krefjast sýknu. Þá krefst ákærði, Birkir, að auki frávísunar málsins frá dómi, að því er hann varðar. Þáttur ákærða Birkis er í IV., V. og VI. kafla ákæru. Frávísunarkrafa ákærða byggir á sömu sjónarmiðum og fram koma í úrskurði dómsins frá 31. október 2013. Þar sem úrlausn um það atriði er samofið úrlausn um efnisþátt málsins verður leyst úr frávísunarkröfu ákærða samhliða umfjöllun um efnisþátt hans í málinu.

I.kafl.

Í I. kafla ákæru eru ákærðu, Jóhannesi, Magnúsi Arnari og Elmari, gefin að sök umboðssvik, með því að hafa í störfum sínum fyrir Glitni banka hf., 12. nóvember 2007 farið út fyrir umboð sitt til lánveitinga fyrir hönd bankans með lánveitingu þann dag til félagsins BK-44 ehf. að fjárhæð 3.791.340.000 króna.

Að því er lánveitinguna varðar liggur fyrir í gögnum málsins að Glitnir banki hf. lánaði félaginu þennan dag 3.791.340.000 krónur í formi peningamarkaðsláns. Jafnframt liggur fyrir að lánið var veitt til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. sem fram fóru 7. nóvember 2007 og þóknun vegna þeirra kaupa. Glitnir banki hf. hafði tekið að handveði vörslureikning BK-44 ehf. nr. 40784 samkvæmt handveðsyfirlýsingu frá 25. apríl 2006. Hlutabréf BK-44 ehf. fóru ekki inn á handveðsreikninginn, heldur reikning nr. 70548. Ekki verður séð af gögnum málsins að handveðsyfirlýsing Glitni banka hf. hafi náð til þess reiknings.

Samkvæmt ákvæði 2.5 í vinnureglum vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf., frá í janúar 2007, mátti bankinn einungis veita aðilum í áhættuflokkum 1 til 4 peningamarkaðsútlán með PM mörk. Óheimilt var að veita öðrum slík lán nema samþykki lána- eða áhættunefnda lægi fyrir. BK-44 ehf. var í áhættumatskerfi Glitnis banka hf. skráð í áhættuflokki 6 innan bankans, enda um fjárfestingarfélag að ræða. Samkvæmt ákvæði 2.1 í handbók um lánamál, frá í desember 2004, skyldu markaðsviðskipti og fyrirtækjasvið annast afgreiðslu peningamarkaðslána. Samkvæmt ákvæðinu var miðað við að um væri að ræða lán til viðskiptavina í áhættuflokkun 1 til 4 eða að fullnægjandi tryggingar í verðbréfum kæmu til.

Stjórn Glitnis banka hf. samþykkti á fundi sínum 2. október 2007 almennar reglur um útlán og markaðsáhættu. Samkvæmt reglunum skyldi bankinn leitast við að takmarka stórar útlánaáhættu, þ.e. útlánaáhættu sem næmu meira en 10% af reglubundnu eiginfjárlutfalli bankans. Samkvæmt reglunum skyldi áhættunefnd hafa heimild til að skuldbinda bankann í samræmi við hlutfall af eigin fé bankans og fara eftir áhættuflokkun viðskiptamanns og vægi skuldbindinga samkvæmt reglum um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli. Þannig hafði áhættunefnd bankans heimild til að lána viðskiptavini í áhættuflokki 6 sem næmi allt að 10% af vegnu eigin fé bankans. Þáverandi forstöðumaður áhættustýringar Glitnis banka hf., sem jafnframt starfaði sem ritari áhættunefndar, taldi fyrir

dóminum að bera hafi þurft lánveitingu til BK-44 ehf. upp í áhættunefnd bankans í ljósi fjárhæðar skuldbindingarinnar.

Þó svo ekki liggja fyrir í gögnum málsins upplýsingar um hvert hafi verið eigið fé Glitnis banka hf. í nóvember 2007 verður að telja hafið yfir vafa að lánveitingu að fjárhæð 3,8 milljarða króna hafi borið að samþykkja í áhættunefnd bankans. Engin gögn liggja fyrir um að lánveitingin hafi verið til meðferðar í nefndinni eða öðrum lánanefndum bankans.

Ákærðu, Elmari og Jóhannesi, ber saman um að fundur hafi verið haldinn í Glitni banka hf. að morgni dags 7. nóvember þar sem þeir, ásamt verðbréfasala úr eigin viðskiptum bankans, hafi ákveðið að veita BK-44 ehf. lán til kaupa á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Hlutabréfin hafi verið úr eignasafni eigin viðskipta í bankanum. Samkvæmt tölvupósti er ákærði, Magnús Arnar, sendi kl. 17.08 þann 7. nóvember 2007 til ákærða, Elmars, og A í markaðsviðskiptum Glitnis banka hf., sem hafði með höndum að skrá inn PM mörk viðskiptavina, fullyrti ákærði að hann væri kominn með samþykki fyrir PM mörkum á BK-44 ehf. upp á 4 milljarða króna í 6 mánuði. Afrit af þessum tölvupósti fékk ákærði, Jóhannes. Tölvupóst þennan framsendi ákærði, Elmar, á D sérfræðing í gjaldeyrismiðlun. Sama dag sendi D svar við þessum tölvupósti til ákærða, Elmars, með afritum á ákærðu, Jóhannes og Magnús Arnar, um að málið væri afgreitt. Hafi hann lánað BK-44 ehf. 3,7 milljarða króna. Ákærði, Magnús Arnar, hefur ekki getað upplýst með hvaða hætti hann hafi verið kominn með ofangreint samþykki.

Samkvæmt 249. gr. laga nr. 19/1940 varðar það fangelsi allt að 2 árum, ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað sem annar maður verður bundinn við eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína. Þyngja má refsingu í allt að 6 ára fangelsi, ef mjög miklar sakir eru. Helsta einkenni umboðssvika er misnotkun á þeim trúnaði sem felst í ákveðinni aðstöðu með fjárhagslegri ráðstöfun í skjóli aðstöðunnar í því skyni að afla sér eða öðrum fjárvinnings á kostnað annarra. Ásetningur þarf að taka til allra þátta verknaðarlýsingar ákvæðisins og auk þess er auðgunarásættur skilyrði refsinaemis, sbr. 243. gr. laga nr. 19/1940. Umboðssvik eru fullframin við ólögsmæta ráðstöfun fjárverðsmæta, svo sem við ólögsmæta samþykkt skuldbindingar fyrir hönd lögaðila. Til að brot sé fullframið nægir að sýna fram á fjártjónshættu án tillits til raunverulegs fjártjóns.

Samkvæmt framansögðu tóku ákærðu, Jóhannes og Elmar, sameiginlega ákvörðun um lánveitingu til BK-44 ehf. 12. nóvember 2007. Ákærði, Magnús Arnar, lét skrá á félagið lánamörk til að lánveitingin næði fram að ganga. Ákærðu höfðu allir starfað innan bankans um langa hríð og ákærðu, Jóhannes og Magnús Arnar, í yfirmannsstöðum innan bankans. Vegna starfa sinna í bankanum þekktu ákærðu reglur bankans um útlán og markaðsáættu. Gat þeim ekki dulist að lán að fjárhæð 3.791.340.000 króna þyrfti að samþykkja í áhættunefnd bankans. Slíkt samþykki lá ekki fyrir. Með þessu er sannað að ákærðu, Jóhannes, Magnús Arnar og Elmar, hafi í sameiningu 12. nóvember 2007 með ólögsmætum hætti staðið að og samþykkt að veita BK-44 ehf. peningamarkaðslán að fjárhæð 3.791.340.000 króna. Tryggingar stóðu ekki að baki lánveitingunni og bökuðu ákærðu Glitni banka hf. fjártjónshættu. Við uppgjör lánsins 22. júlí 2008 nam tjón bankans samtals 1.933.292.207 krónum. Með lánveitingunni fóru ákærði, Jóhannes, sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis banka hf., ákærði, Magnús Arnar, sem

framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf. á Íslandi, og ákærði, Elmar, sem verðbréfamiðlari markaðsviðskipta Glitnis banka hf., út fyrir heimildir sínar í störfum sínum og skuldbundu með þeim Glitni banka hf. með ólögætum hætti. Misnotuðu ákærðu með þessu aðstöðu sína og gerðust þar með sekir um þá háttsemi sem lýst er refsiverð í 249. gr. laga nr. 19/1940. Sú fjárhæð sem ákærðu samþykktu var veruleg. Verða ákærðu sakfelldir fyrir umboðssvik og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Með hliðsjón af lánsfjárhæðinni og því að tryggingar stóðu ekki að baki lánveitingunni teljast sakir ákærðu miklar, sbr. síðari málslið 249. gr. laga nr. 19/1940.

II. kafli.

Í II. kafla ákæru eru ákærðu, Elmar og Jóhannesi, gefin að sök umboðssvik með því að hafa einhvern tímann á tímabilinu frá nóvember 2007 til 22. júlí 2008 í stöfum sínum fyrir Glitni banka hf., farið út fyrir heimildir sínar er þeir gerðu munnlegan samning við ákærða, Birki, um skaðleysi félagsins BK-44 ehf. af hlutabréfaviðskiptunum með því að félagið skyldi njóta söluréttar á hlutabréfunum.

Ákærðu, Elmar, Jóhannes og Birkir, staðhæfa að við kaup BK-44 ehf. á hlutabréfum í Glitni banka hf., 7. nóvember 2007, hafi samhliða verið samið um sölurétt á nefndum bréfum. Kaupandi bréfanna hafi samtímis selt frá sér kauprétt og um leið takmarkað hagnaðarvon sína. Fyrir mistök hafi gleymst að skrá söluréttinn í kerfum bankans en það hafi ekki komið í ljós fyrr en við sölu bréfanna í júlí 2008. Ákærði, Elmar, hefur lýst því að ákveðið hafi verið að láta BK-44 ehf. njóta þess í uppgjörinu að mistök hefðu verið gerð innan bankans og bankinn tekið á sig allt tap af gengismun á bréfnum frá kaupum til sölu, að viðbættri þóknun vegna lántöku. Viðskiptin hafi verið framkvæmd með þeim hætti að bankinn hafi keypt hlutabréfin 22. júlí 2008 á markaðsgengi. Bankinn hafi selt BK-44 ehf. hlutabréfin aftur á sama verði og keypt þau á ný á yfirverði, sem tekið hafi mið af því að gera BK-44 ehf. skaðlaust af viðskiptunum. Þannig hafi ákærði gert upp viðskiptin.

Í vinnureglum vegna markaðsviðskipta Glitnis banka hf., frá í janúar 2007, var kveðið á um valrétti í ákvæði 2.3.5. Samkvæmt ákvæðinu skyldi ekki skrifa valréttarsamninga nema þeir væru varðir með öðrum valréttum og/eða virkum kaupum og sölu undirliggjandi eigna. Samkvæmt ákvæði 7.1 skyldi haldið utan um valrétti og gjaldeyrisstöður í „Kondor“ og skyldi geyma valrétti afleiðuborðs í tilgreindum bókunum. Skyldi gjaldeyrisstaða endurspeglar „delta“ vörn á keyptum og seldum valréttum. Skrá skyldi hlutabréfavalrétti í „Samningsöskju“. Af valrétti skyldi greiða gjöld. Skyldi gera valréttargjöld samninga upp miðað við viðskiptadaga. Uppgjör samninga skyldi gert upp á hliðstæðan hátt. Við útreikning á afkomu afleiðuborðs skyldi reiknuð afkoma af varnarstöðu valréttanna auk fjármagnstekjukostnaðar af þeirra stöðu.

Tveir starfsmenn afleiðuborðs báru fyrir dóminum að hlutverk þeirra hafi meðal annars verið að verðleggja valrétti innan bankans. Er gengið hafi verið frá sölurétti hafi þau gefið svokallað „kvót“ í söluréttinn. Staðfestu þau að sérstakt valréttargjald hafi verið greitt fyrir kaup og sölurétt og verðleggja hafi þurft hina undirliggjandi eign í samningnum.

Regluvörður Glitnis banka hf. bar að ákærði, Elmar, hafi kallað regluvörðinn á sinn fund í júlí 2008 er ljóst hafi verið að söluréttur á bréfunum hafi ekki verið skráður. Á endanum hafi ákærði, Jóhannes, tekið ákvörðun um hvernig viðskiptin yrðu gerð upp. Í málinu liggur fyrir að endanlegt tjón Glitnis banka hf. vegna þessara viðskipta nam 1.932.292.207 krónum.

Svo sem hér var rakið voru innan Glitnis banka hf. ýmsar varnir til að tryggja að bankinn bæri ekki tapsáhættu vegna valréttarsamninga. Þannig bar að skrá valréttarsamninga formlega í kerfum bankans. Þá skyldi tryggja að samningar væru varðir af öðrum samningum, en það lýsti sér meðal annars í því að þeir starfsmenn á afleiðuborði er höfðu slíka samninga undir höndum leituðust við að láta mismunandi valréttarsamninga mætast. Af valréttarsamningi skyldi greiða sérstakt gjald. Þá skyldi meta hinar undirliggjandi eignir í samningi. Við uppgjör í viðskiptum við BK-44 ehf. var farið á svig við allar þessar reglur og á engan hátt leitast við að takmarka það fjártjón sem bankinn varð fyrir. Var bankinn látinn bera allt fjárhagslegt tjón vegna viðskiptanna. Þá ákvörðun tóku ákærðu, Jóhannes og Elmar, en fyrir liggur að ákærði, Elmar, annaðist uppgjör í viðskiptunum. Með ákvörðuninni fóru ákærðu út fyrir heimildir sínar í störfum sínum og skuldbundu með þeim Glitni banka hf. með ólögmætum hætti. Misnotuðu ákærðu með þessu aðstöðu sína og gerðust þar með sekir um brot gegn 249. gr. laga nr. 19/1940. Voru brot ákærðu veruleg og teljast sakir þeirra miklar.

III. kafli.

Í III. kafla ákæru eru ákærða, Elmari, gefin að sök umboðssvik með því að hafa í störfum sínum fyrir bankann, 13. mars og 22. júlí 2008, misnotað aðstöðu sína og valdið bankanum tjóni eða verulegri fjártjónshættu er hann fór út fyrir heimildir sínar við uppgjör á hlutabréfaviðskiptunum og lánveitingum vegna þeirra og tryggði BK-44 ehf. 85.725.793 króna óréttmætan ávinning af viðskiptunum þrátt fyrir mikla lækkun hlutabréfanna frá 12. nóvember 2007 til 22. júlí 2008.

Samkvæmt gögnum málsins fékk BK-44 ehf. arðgreiðslu að fjárhæð 49.949.999 krónur vegna hinna keyptu hlutabréfa í Glitni banka hf. Arðgreiðslunni var 13. mars 2008 ráðstafað inn á reikning í eigu BK-44 ehf. innan bankans, nr. 582-14-101145. Reikningur þessi var handveðsettur Glitni banka hf. samkvæmt handveðsyfirlýsingunni frá 25. apríl 2006. Í málinu liggur fyrir að samkomulag um uppgjör, frá 19. desember 2011, varð með BK-44 ehf. og Glitni hf. í tilefni af kröfu Glitnis hf. um riftun ráðstafana frá 22. júlí 2008, sem fólust í sölu BK-44 ehf. og kaupum Glitnis banka hf. á hlutabréfum í Glitni banka hf. að nafnverði 120.000.000 á genginu 31,32 á hlut. Samkvæmt samkomulaginu féllst BK-44 ehf. á að félagið myndi meðal annars endurgreiða bankanum greiddan arð.

Áður hefur verið slegið föstu að ákærði, Elmar, hafði með höndum uppgjör í viðskiptunum 22. júlí 2008 er ákveðið var að bankinn myndi kaupa hlutabréfin í Glitni banka hf. á yfirverði til að mæta því tjóni sem BK-44 ehf. ella hefði orðið fyrir vegna viðskiptanna. Ákærða gat ekki dulist að í því uppgjöri bar honum að draga frá arðgreiðslur sem bankinn hafði handveðréttindi í og tengdust lánveitingunni. Það lét ákærði farast fyrir.

Áður var því lýst að við uppgjör viðskipta 22. júlí 2008 létu ákærðu Glitni banka hf. kaupa hlutabréfin í bankanum á yfirverði til að gera BK-44 ehf. skaðlaust af viðskiptum með hlutabréf í félaginu. Í viðskiptum með hlutabréfin var í endurkaupum bankans á bréfum miðað við gengið 31,82. Það leiddi til þess að mismunur varð á söluverði bréfanna og eftirstöðvum peningamarkaðslánsins, að frádreginni sölubókun bankans, en mismunurinn nam 35.775.794 krónum. Í nefndu samkomulagi um uppgjör, frá 19. desember 2011, var til þessa mismunar litið og féllst BK-44 ehf. á að endurgreiða bankanum þá fjárhæð. Ákærða gat ekki dulist, við uppgjör á viðskiptum 22. júlí 2008, að mismunur hafði myndast á reikningi BK-44 ehf. Bar honum í þessu uppgjöri að gæta að því að óréttmætur ávinningur myndi ekki myndast á reikningi BK-44 ehf.

Með ofangreindum ráðstöfunum fór ákærði út fyrir heimildir sínar í bankanum og skuldbatt Glitni banka hf. með ólögmaetum hætti. Sú háttsemi ákærða, sem að framan er lýst, varðar í báðum tilvikum við 249. gr. laga nr. 19/1940. Í ljósi fjárhæðanna teljast sakir ákærða miklar.

IV. kafli.

Í IV. kafla ákæru er ákærða, Birki, aðallega gefin að sök hlutdeild í umboðssvikabrotum meðákærðu samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru, en til vara hylming og peningabætti, með því að hafa lagt á ráðin með meðákærðu um að 3.791.340.000 króna andvirði peningamarkaðsláns yrði greitt úr sjóðum Glitnis banka hf. án samþykkis lánanefnda, til að fjármagna kaup á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Er ákærða gefið að sök að hafa átt milligöngu um að BK-44 ehf. keypti hlutabréfin fyrir andvirði peningamarkaðslánsins, auk þess að njóta skaðleysis af lækkun bréfanna og vaxtakostnaði af peningamarkaðsláninu, án þess að nokkuð endurgjald kæmi frá BK-44 ehf. fyrir söluréttinn.

Svo sem fyrr greinir krefst ákærði þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi, að því er ákærða varðar, en til vara krefst hann sýknu. Að því er frávisunarkröfu varðar vísar ákærði sem fyrr til þess að lögregla hafi haft öll gögn málsins í hendi, fyrir utan tvö símtöl ákærða við meðákærða, Elmar, er réttarstöðu ákærða hafi verið breytt úr stöðu sakbornings í vitni þann 21. desember 2011. Engar þær upplýsingar hafi komið fram í þessum tveim símtölum sem tengist sakarefni þessa máls og þar með engin ný sakargögn í skilningi 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008. Óheimilt hafi því verið að taka á ný upp rannsókn máls gegn ákærða sem sakborningi, 18. júní 2012.

Í nóvember 2007 hafði ákærði um alllangt skeið starfað innan einkabankapjónustu Glitnis banka hf. og haft með höndum þjónustu við efnameiri viðskiptavinum bankans. Því hefur verið lýst af hálfu meðákærða, Elmars, að leitað hafi verið til ákærða með að finna í viðskiptavinahópi sínum kaupanda að 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Það hafi ekki tekist og ákærða þá verið boðið að félag ákærða, BK-44 ehf., myndi kaupa hlutinn. Þau viðskipti hafi gengið eftir og bankinn lánað félaginu fyrir kaupum. Ákærði var á þessum tíma eini eigandi félagsins BK-44 ehf. Með kaupunum varð félagið 16. stærsti hluthafi í Glitni banka hf., eigandi 1,01% hlutar í bankanum.

Sem reynslumiklum starfsmanni bankans voru ákærða kunnar ýmsar innri reglur bankans, þ. á m. reglur handbókar um lánamál og vinnureglur markaðsviðskipta Glitnis banka hf. frá janúar 2007, en í reglum þessum komu fram ýmsar veigamiklar reglur varðandi dagleg viðskipti í bankanum. Ákærða gat ekki dulist að leita hafi þurft samþykkis áhættunefndar Glitnis banka hf. fyrir veitingu peningamarkaðsláns að fjárhæð 3.791.340.000 krónur vegna hlutabréfakaupanna, til fjárfestingarfélagins BK-44 ehf., sem skráð var í áhættuflokki 6. Verður að telja útilokað annað en að honum hefði verið gert viðvart um meðferð málsins fyrir lánanefndinni, eftir atvikum í gegnum viðskipta- eða lánastjóra félagsins. Enginn slíkur hefur komið að málinu og fór málið aldrei fyrir áhættunefndina.

Peningamarkaðslánið var að jafnaði veitt til eins mánaðar í senn og framlengt í alls 10 skipti. Ákærði staðhæfir að hann hafi ekki óskað eftir framlengingu á lánum. Þá hafi hann ekki sérstaklega óskað eftir því að 30.000.000 hlutir yrðu seldir af hlutabréfunum 30. apríl 2008. Þetta fær ekki staðist. Meðákærðu og vitni, sem komu fyrir dóminn, hafa staðhæft að lánsamningar viðskiptavina hafi ekki verið framlengdir nema að ósk viðskiptavinar. Ákærði ber að honum hafi ekki verið kunnugt um ýmis skilyrði lánsins, svo sem varðandi lánstíma, vexti og viðlíka atriði. Hann ber þó að honum hafi verið kunnugt um sölurétt á bréfunum. Mátti honum þá vera kunnugt um að slíkum sölurétti fylgdi kostnaður í formi sérstaks valréttargjalds, auk þess sem verðleggja þurfti hina undirliggjandi eign. Ákærði fullyrðir að honum hafi ekki verið kunnugt um neitt þessu tengt. Ber framburður hans þess fremur merki að honum hafi þótt kaupin á hlutabréfunum fremur varða bankann heldur en BK-44 ehf. Símtöl á milli ákærða og meðákærða, Elmars, frá 11. desember 2007 og 15. janúar 2008, tengjast án nokkurs vafa þessum viðskiptum og bera þessa vitni. Undir rannsókn málsins var aflað gagna um viðskipti BK-44 ehf. og Glitnis banka hf. Ekki leiddi sú rannsókn í ljós viðskipti, svo verulegum fjárhæðum næmi, á þessum tíma önnur en kaup félagsins á nefndum hlutabréfum.

Arðgreiðsla að fjárhæð 49.949.999 króna var lögð inn á reikning félagsins BK-44 ehf. 13. mars 2008. Það gat ákærða ekki hafa yfirsétt. Þá gat honum heldur ekki hafa yfirsétt að eftir uppgjörið 22. júlí 2008 sátu eftir á reikningi félagsins 35.775.794 króna sem mismunur á söluverði hlutabréfanna og eftirstöðvum peningamarkaðslánsins, að frádreginni söluþóknun vegna kaupa og sölu bréfanna.

Þegar öll framangreind atriði málsins eru virt þykir dómnum hafið yfir allan vafa að ákærði hafi lagt á ráðin með meðákærðu um að peningamarkaðslánið yrði greitt úr sjóðum Glitnis banka hf., án samþykkis áhættunefndar, til að fjármagna kaup BK-44 ehf. á 150.000.000 hlutum í bankanum. Ákærði hafði milligöngu um að félagið keypti bréfin fyrir andvirði lánsins, með munnlegum og óskráðum sölurétti, án þess að endurgjald kæmi fyrir hann. Telur dómurinn í ljós leitt að ákærði hafi með háttsemi sinni látið BK-44 ehf. taka ávinning af auðgunarbrotinu og viðhalda óréttmætum ávinningi við uppgjör á hlutabréfaviðskiptunum.

Heildstætt mat lögreglu á símtölum ákærða og meðákærða, Elmars, leiddi til þess að ákveðið var að taka upp að nýju rannsókn á hendur ákærða, sem sakborningi í yfirheyrslu 18. júní 2012. Telur dómurinn skilyrði hafa verið til staðar til þess, þar sem lögreglu bærust í hendur afrit af fleiri símtölum milli ákærða og meðákærða, Elmars, eftir að réttarstöðu ákærða var breytt 19. desember 2011. Ber skýrslugjöfin yfir ákærða 18. júní 2012 þess skýr merki. Verður því ekki fallist á frávísunarkröfu

ákærða.

Ákærði veitti meðákærðu liðsinni bæði í orðum og í verki, svo sem að framan er lýst. Var þáttur hans og atbeini þannig nauðsynleg forsenda þess að brot meðákærðu voru framin. Hefur ákærði með þessu gerst sekur um hlutdeild í brotum meðákærðu samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt IV. kafla ákæru og varðar háttsemi hans við 249. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940. Eru sakir hans miklar, sbr. síðari málslið 249. gr. laga nr. 19/1940.

V. kafli.

Í V. kafla ákæru er ákærðu, Elmari, Jóhannesi og Birki, gefin að sök markaðsmisnotkun, með því að hafa í sameiningu komið á viðskiptum með hluti í Glitni banka hf., sem voru í eigu bankans, sem byggðust á blekkingum og sýndarmennsku og voru jafnframt líkleg til að gefa eftirspurn eftir hlutum í bankanum og verð ranglega og misvísandi til kynna, þegar þeir hafi ranglega látið líta svo út að félagið BK-44 ehf. hefði 7. nóvember 2007 lagt 3.780.000.000 króna til kaupa á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. Með vísan til þess er hér að framan er getið, varðandi IV. kafla ákæru, er frávísunarkröfu ákærða, Birkis, hafnað.

Hér í dómi hefur verið slegið föstu að Glitnir banki hf. fjármagnaði að fullu kaup BK-44 ehf. á 150.000.000 hlutum í Glitni banka hf. með ólögumætri lánveitingu frá bankanum. Þá hefur verið slegið föstu að það hafi verið gert án viðhlítandi trygginga og að ákærðu hafi látið bankann tryggja BK-44 ehf. algert skaðleysi af hlutabréfaviðskiptunum og lánveitingum vegna þeirra, með munnlegum og óskráðum sölurétti. Í þeirri stöðu bar Glitnir banki hf. fulla markaðsáhættu af hlutabréfunum þó svo þau hafi verið seld BK-44 ehf. Áður hefur verið lýst hvernig ákærðu létu Glitni banka hf. kaupa bréfin til baka 22. júlí 2008 á genginu 14,95, létu bankann selja BK-44 ehf. sama fjölda bréfa aftur sama dag og kaupa á ný samdægurs á genginu 31,82, sem var langt umfram gengi á markaði. Ákærðu lýsa því að þetta hafi verið gert til að efna söluréttarsamninginn við BK-44 ehf. Fyrri viðskiptin, þann 22. júlí 2008, tilkynnti ákærði, Elmar, til Kauphallar Íslands. Síðari viðskiptin, á genginu 31,82, voru ekki tilkynnt Kauphöll.

Samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 er markaðsmisnotkun óheimil. Með markaðsmisnotkun er meðal annars átt við það að gera tilboð sem gefi eða séu líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða eiga viðskipti eða gera tilboð sem byggð séu á tilbúningi eða notuð einhver form blekkinga eða sýndarmennsku. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis er fjármálafyrirtæki, sem heimild hefur til verðbréfaviðskipta, óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfaviðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að viðskiptin brjóti í bága við 1. mgr.

Þó svo viðskipti með hlutabréf í Glitni banka hf. 7. nóvember 2007 hafi verið á markaðsgengi bréfa í bankanum á þeim tíma gátu þau ekki gefið verð þeirra fjármálagerninga réttilega til kynna þar sem kaupandi bréfanna hafði tryggt sér algert skaðleysi af viðskiptunum og bar þar með enga áhættu af þróun gengis bréfanna. Var staða kaupanda hlutabréfanna þar með alls kostar önnur en staða

annarra eigna hlutabréfa í bankanum, sem báru venjubundna markaðsáættu vegna eignarhalds á hlutabréfum í bankanum eða þeirra er áformuðu kaup á hlutabréfum í bankanum. Með því að tilkynna ekki um fjármögnun og um leið algert skaðleysi kaupanda af viðskiptunum var beitt sýndarmennsku í viðskiptum, en jafnræði í aðgengi að upplýsingum er grundvöllur í eðlilegri verðmyndun á verðbréfamarkaði. Ákærðu áttu allir þátt í því að hin ólögmætu viðskipti fóru fram. Bar þeim að tryggja að hinn skipulagði verðbréfamarkaður hefði yfir að ráða upplýsingum um efni viðskiptanna. Verða ákærðu allir sakfelldir samkvæmt VI. kafla ákæru og varðar háttsemin þeirra við a. lið 1. t. og 2. t. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 146. gr. sömu laga. Ákærðu verða jafnframt sakfelldir fyrir brot gegn 2. mgr. 117. gr. laganna, sbr. 146. gr.

VI. kafli

Í VI. kafla ákæru er ákærða, Birki, gefið að sök meiriháttar brot gegn lögum um ársreikninga, en til vara gegn lögum um bókhald, með því að rangfæra ársreikning BK-44 ehf. fyrir árið 2007. Er háttsemin fólgin í því að færa ekki í efnahagsreikning félagsins meðal eigna félagsins 150.000.000 hluti í Glitni banka hf., sem keyptir voru 7. nóvember 2007 fyrir 3.791.340.000 króna og með því að færa ekki í efnahagsreikning meðal skulda félagsins skuld við Glitni banka hf. vegna 3.791.340.000 króna lánveitingar 12. nóvember 2007 vegna kaupa á umræddum skuldabréfum. Jafnframt að hafa ekki í skýringum með sama ársreikningi getið um fjölda hluta og nafnverð eignarhluta BK-44 ehf. í Glitni banka hf. Með vísan til þess er hér að framan er getið, varðandi IV. kafla ákæru, er frávísunarkröfu ákærða hafnað.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/2006 skulu í efnahagsreikning færðar eignir og skuldir, þ.m.t. skuldbindingar og eigið fé sem er mismunur eigna og skulda. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skal eign færð á efnahagsreikning þegar líklegt er að félagið hafi af henni fjárhagslegan ávinning í framtíðinni og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. skal skuld færð í efnahagsreikning þegar líklegt þykir að til greiðslu hennar komi og virði hennar má meta með áreiðanlegum hætti.

Ársreikningur BK-44 ehf. fyrir árið 2007 liggur frammi í málinu. Ekki er fært á meðal eigna félagsins nefndur eignarhlutur í hlutabréfum, né fært á meðal skulda skuldin við Glitni banka hf. BK-44 ehf. varð eigandi 150.000.000 hluta í Glitni banka hf. 7. nóvember 2007. Í viðskiptunum var miðað við markaðsgengi hlutabréfa í Glitni banka hf. og viðskiptin tilkynnt Kauphöll Íslands. Markmið með kaupum hlutabréfa er að njóta fjárhagslegs ávinnings af viðskiptunum, til framtíðar litið. Virði hlutabréfanna í Glitni banka hf. fór eftir opinberri skráningu á verðbréfamarkaði. Skuld BK-44 ehf. við Glitni banka hf. vegna hlutabréfakaupanna, varð til við lánveitinguna 12. nóvember 2007. Mátti þá þegar virða skuldina með áreiðanlegum hætti þar sem allar forsendur í lánsamningi lágu þá fyrir. Samkvæmt þessu lá eign BK-44 ehf. í hlutabréfum fyrir og mátti meta hana með áreiðanlegum hætti. Jafnframt mátti meta virði skuldar félagsins með áreiðanlegum hætti.

Svo sem áður er fram komið fylgdi valrétti tengdum hlutabréfakaupum ekki algert skaðleysi fyrir þann sem valrétt keypti. Tók bankinn sérstakt gjald fyrir valrétt sem tók mið af áhættu bankans í viðskiptunum. Þegar BK-44 ehf. stofnaði til viðskiptanna með hlutabréfin í nóvember 2007 átti félagið ekki lögvarða kröfu til þess að við uppgjör viðskiptanna á síðari tímapunkti yrði félagið algerlega skaðlaust af viðskiptunum, félli markaðsgengi bréfanna svo einhverju næmi.

Eign BK-44 ehf. í hlutabréfum 31. desember 2007 nam verulegum fjárhæðum. Að sama skapi var skuld félagsins á sama tímavarki veruleg, hvort sem litið er til starfsemi BK-44 ehf. sem fjárfestingarfélags eða almenns mælikvarða. Þó svo söluréttur á hlutabréfunum hafi verið til staðar gat sá er færði ársreikning félagsins fyrir árið 2007, í ljósi þeirra fjárhagslegu skuldbindinga er um var að ræða, ekki að réttum lögum miðað við að félagið bæri ekkert fjárhagslegt tap vegna viðskiptanna.

Markmið með útgáfu ársreikninga er öðru fremur að vera opinber skráning á fjárhagslegum upplýsingum um félög. Ákvæði 14. gr. laga nr. 3/2006 þjónar þessum tilgangi og miðar við að skrá skuli allar eignir og skuldir félags í ársreikning. Svo sem áður greinir námu bæði eignir og skuldir BK-44 ehf. verulegum fjárhæðum 31. desember 2007, og bar að færa þær í ársreikning félagsins fyrir árið 2007. Þó svo ákærði hafi sjálfur ekki fært ársreikning BK-44 ehf. vegna ársins 2007 ber hann engu síður ábyrgð á réttri gerð ársreikningsins. Ekki var um það fjallað, eða liggur það fyrir í málinu, hvort eða með hvaða hætti eignarhlutum Glitnis banka hf. hafi á árinu 2007 verið skipt í flokka, sbr. 50. gr. laga nr. 3/2006. Að þessu gættu verður ákærði sakfelldur samkvæmt VI. kafla ákæru og varðar háttsemi hans við 1. mgr. 14. gr. laga nr. 3/2006, sbr. 120. gr. laganna og 2. mgr. 262. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði, Elmar, er fæddur í ágúst 1978, ákærði, Jóhannes, í nóvember 1971, ákærði, Magnús Arnar, í júní 1973 og ákærði, Birkir, í ágúst 1964. Enginn ákærðu hefur áður sætt refsingu svo kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að ákærðu, Jóhannes og Magnús Arnar, voru á þeim tíma er brotin voru framin í stjórnendateymi stórs viðskiptabanka á Íslandi. Ákærði, Jóhannes, var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis banka hf. og ákærði, Magnús Arnar, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis banka hf. á Íslandi. Ákærði, Elmar, var verðbréfamíðlari og ákærði, Birkir, starfsmaður í einkabankaþjónustu. Annaðist ákærði, Birkir, hagsmuni efnameiri viðskiptavina bankans. Hin refsiverðu viðskipti ákærðu vörðuðu verulegum fjárhæðum. Þá er við ákvörðun refsingar litið til þess að verulegt fjárhagslegt tjón hlaust af brotum ákærðu. Eiga ákærðu sér engar málsbætur. Með hliðsjón af þessu sæti ákærði, Elmar, fangelsi í 5 ár. Ákærði, Jóhannes, sæti fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. nóvember 2011 til 7. desember 2011. Ákærði, Magnús Arnar, sæti fangelsi í 4 ár og ákærði, Birkir, fangelsi í 5 ár.

Ekki hefur annan sakarkostnað leitt af máli þessu en kostnað við vörn ákærðu. Ákærðu greiði málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna, með þeim hætti er í dómsorði er mælt fyrir um. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til

virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Elmar Svavarsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Ákærði, Jóhannes Baldursson, sæti fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. nóvember 2011 til 7. desember 2011.

Ákærði, Magnús Arnar Arngrímsson, sæti fangelsi í 4 ár.

Ákærði, Birkir Kristinsson, sæti fangelsi í 5 ár.

Ákærði, Elmar, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, 3.187.700 krónur.

Ákærði, Jóhannes, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Reimars Péturssonar hæstaréttarlögmanns, 5.233.873 krónur.

Ákærði, Magnús Arnar, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Helga Birgissonar hæstaréttarlögmanns, 3.451.250 krónur.

Ákærði, Birkir, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 23.003.742 krónur.

Símon Sigvaldason